

# **Þinggerð 2010**

## **57. landsþing Landsambands hestamannafélaga haldið í Brekuskóla á Akureyri 22. og 23. október 2010**

### **Þingforsetar:**

Sigurður J. Sigurðsson

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, föstudagur 22. okt.

Jón Ólafur Sigfússon, laugardagur 23. okt.

### **Ritarar:**

Inga Bára Ragnarsdóttir, aðalritari, Akureyri

Álfheiður Ösp Haraldsdóttir, Akureyri

### **Annað starfsfólk:**

Mikið af hjálparfólki frá Hestamannafélaginu Létti.

## EFNISYFIRLIT

|                                                                                 |    |
|---------------------------------------------------------------------------------|----|
| Föstudagur 22. október .....                                                    | 4  |
| Þingforsetar voru kjörnir:.....                                                 | 4  |
| Þingritarar voru kjörnar: .....                                                 | 4  |
| Ávörp gesta .....                                                               | 4  |
| Félagar heiðraðir .....                                                         | 7  |
| Pétur Behrens .....                                                             | 7  |
| Einar Höskuldsson .....                                                         | 8  |
| Friðbjörg Vilhjálmsdóttir .....                                                 | 9  |
| Anna Jóhannsdóttir .....                                                        | 9  |
| Sigurður Hallmarsson .....                                                      | 10 |
| Jón Ólafur Sigfússon.....                                                       | 11 |
| Afhending Æskulýðsbikars LH.....                                                | 13 |
| Kjörbréfanefnd skilar álitu.....                                                | 13 |
| Kjör þingnefnda .....                                                           | 18 |
| Úr kafla 1.4.2. Stjórnskipaðar nefndir .....                                    | 19 |
| Kjörbréfanefnd.....                                                             | 19 |
| Fjárhagsnefnd.....                                                              | 19 |
| Allsherjarnefnd .....                                                           | 19 |
| Æskulýðsnefnd.....                                                              | 20 |
| Keppnisnefnd .....                                                              | 20 |
| Kynbótanefnd.....                                                               | 20 |
| Ferða- og umhverfisnefnd.....                                                   | 20 |
| Skýrsla stjórnar og reikningar .....                                            | 21 |
| Ársreikningar 2008-2009 og 8 mánaða uppgjör og fjárhagsáætlanir fyrir 2010-2011 | 24 |
| Umræður og afgreiðsla - .....                                                   | 24 |
| um skýrslu stjórnar og reikninga - .....                                        | 24 |
| Fjárhagsáætlanir: .....                                                         | 26 |

|                                                                                   |    |
|-----------------------------------------------------------------------------------|----|
| Kaffihlé .....                                                                    | 27 |
| Tillögur til þings .....                                                          | 27 |
| landsmótsmál .....                                                                | 29 |
| Áfangaskýrsla um greinargerð landsmótsnefndar LH unnin í sept. og okt. 2010 ..... | 30 |
| Laugardagur 23. október .....                                                     | 35 |
| Nefndir skila álitum .....                                                        | 35 |
| Allsherjarnefnd .....                                                             | 35 |
| Þingskjal nr. 1 .....                                                             | 35 |
| Þingskjal nr. 3 .....                                                             | 35 |
| Þingskjal nr. 4 .....                                                             | 36 |
| Þingskjal nr. 7 .....                                                             | 36 |
| Þingskjal nr. 8 .....                                                             | 37 |
| Þingskjal nr. 9 .....                                                             | 40 |
| Þingskjal nr. 12 .....                                                            | 41 |
| Þingskjal nr. 15 .....                                                            | 42 |
| Þingskjal nr. 21 .....                                                            | 44 |
| Þingskjal nr. 22 .....                                                            | 45 |
| Þingskjal nr. 23 .....                                                            | 46 |
| Þingskjal nr. 27 .....                                                            | 52 |
| Þingskjal nr. 29 .....                                                            | 53 |
| Þingskjal nr. 32 .....                                                            | 53 |
| Þingskjal nr. 33 .....                                                            | 53 |
| Þingskjal nr. 34 .....                                                            | 54 |
| Ferða- og samgöngunefnd.....                                                      | 55 |
| Þingskjal nr. 2. ....                                                             | 55 |
| Þingskjal nr. 18 .....                                                            | 55 |
| Þingskjal nr. 35 .....                                                            | 56 |
| Þingskjal nr. 36 .....                                                            | 57 |
| Þingskjal nr. 37 .....                                                            | 58 |
| Þingskjal nr. 38 .....                                                            | 59 |

|                                                           |    |
|-----------------------------------------------------------|----|
| Fjárhagsnefnd.....                                        | 60 |
| Kosning í Stjórn LH.....                                  | 61 |
| Erindi: .....                                             | 62 |
| nefndir skila áliti –framhald.....                        | 63 |
| Keppnisnefnd .....                                        | 63 |
| Þingskjal nr. 9 (kom frá allsherjarnefnd) .....           | 63 |
| Þingskjal nr. 10 .....                                    | 63 |
| Þingskjal nr. 11 .....                                    | 64 |
| Þingskjal nr. 13 .....                                    | 64 |
| Þingskjal nr. 14 .....                                    | 65 |
| Þingskjal nr. 16 .....                                    | 65 |
| Þingskjal nr. 17 .....                                    | 65 |
| Þingskjal nr. 24 .....                                    | 66 |
| Þingskjal nr. 25 .....                                    | 66 |
| Þingskjal nr. 26 .....                                    | 66 |
| Þingskjal nr. 28 .....                                    | 66 |
| Þingskjal nr. 31 .....                                    | 67 |
| Kynbótanefnd.....                                         | 67 |
| Þingskjal nr. 5 .....                                     | 67 |
| Þingskjal nr. 6 .....                                     | 68 |
| Þingskjal nr. 19 .....                                    | 68 |
| Æskulýðsnefnd.....                                        | 68 |
| Þingskjal nr. 30 .....                                    | 69 |
| Ákvörðun um val á Íslandsmótsstað .....                   | 69 |
| Tillaga kom fram um að vísa staðarvali til stjórnar. .... | 70 |
| Önnur mál .....                                           | 70 |
| Þingslit .....                                            | 73 |

**FÖSTUDAGUR 22. OKTÓBER**

**Haraldur Þórarinnsson formaður LH setti þingið.** Bauð hann þingfulltrúa og gesti velkomna til þings og lýsti ánægju sinni með góða mætingu.

Formaður minntist látinna gullmerkishafa LH, þeirra Jóns Guðmundssonar Reykjum og Árna Jóhannssonar í Teigi sem og annarra góðra félaga.

Þinggestir risu úr sætum og vottuðu látnum félögum virðingu sína.

**ÞINGFORSETAR VORU KJÖRNIR:**

Sigurður J. Sigurðsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson (föstudagur) og Jón Ólafur Sigfússon (laugardagur).

**ÞINGRITARAR VORU KJÖRNAR:**

Inga Bára Ragnarsdóttir og Álfheiður Ösp Haraldsdóttir

Þingforsetar tóku við stjórn fundarins.

Sigurður J. Sigurðsson, bauð gesti velkomna og vonaðist eftir góðum fundi og til að halda dagskrá og eðlilegum þingstörfum það hann menn að vera gagnorða og nýta tímann sem best, benti hann á að reynt yrði að miða við að ræðutími væri ekki lengri en 3-3 1/2 mín. í hvert sinn.

**ÁVÖRP GESTA**

**Halla Björk Reynisdóttir** bæjarfulltrúi á Akureyri tók fyrst til máls.

Fyrir hönd bæjarins bauð hún gesti velkomna til Akureyrar, sagði það sérstaklega ánægjulegt að LH skyldi hafa fundið þessu landsþingi stað á Akureyri og að bænum væri afar mikilvægt að hér væru haldnir slíkir viðburðir og að Akureyringar leggðu sig fram um að taka vel á móti slíkum gestum, óskaði mönnum góðs gengis á þinginu og það menn að njóta dvalarinnar.

**Kristinn Hugason** fyrir hönd landbúnaðarráðherra.

Kristinn sagði að Jón Bjarnason hefði beðið fyrir góðar kveðjur til þingfulltrúa, en ráðherra átti ekki heimangegnt vegna þingstarfa en hestamennska og hrossarækt er honum huglæg og minnti á hans þátt í uppbyggingu Hólastaðar og að hestamenn ættu tryggan mann þar í sessi. Ráðherra leggði áherslu á árnaðaróskir til þingsins og óskaði

félögunum öllum velfarnaðar í starfi. Jón Bjarnason vildi hestamenskunni allt hið besta og hefur fylgst vel með þróun mála hjá hestamönnum t.a.m. veikindunum sem herjuðu á íslenska hrossastofninn og afleiðingum þeirra. Eins og hestamenn þekkja var hætt að veita aukin framlög til rannsókna og slíks er hestamenskuna varðar en ráðuneytið mun áfram sinna þessum málum og benti var á að það skipti máli innan stjórnsýslunnar að hestamennska sem sport heyrir undir menntamálaráðuneytið í gegnum ÍSÍ. Kristinn sagði að ráðherra leggði áherslu á vöxt og viðgang íslenska hestsins og hlutverk hans bæði í nútíð og framtíð. „Enginn stundar sportið án ræktunar og Jón Bjarnason er góður maður á bak við okkur hvað þetta varðar“ sagði Kristinn að lokum.

#### **Viðar Sigurjónsson** sviðsstjóri fræðsluviðs ÍSÍ.

Flutti kveðju framkvæmdastjórnar ÍSÍ sem og forseta ÍSÍ, Ólafs Rafnssonar og framkvæmdastjóra ÍSÍ, Líneyjar Rutar Halldórsdóttur. Sagði hestaíþróttina vera 3ju stærstu greinina innan ÍSÍ með tilliti til fjölda iðkenda og segir það mikið um starf þessarar ágætu íþróttagreinar innan íslenskrar íþróttahreyfingar.

Sagði hann að frestun LM hafa verið gríðarlegt áfall og hafi áhrifin náð langt út fyrir greinina sjálfa og segði það sitt um áhrif íþróttagreinarinnar í samfélaginu. Sagðist vona að greinin ætti eftir að vaxa og dafna og forystumenn á öllum vígstöðvum haldi vel um stjórnartaumana hér eftir sem áður. Vitnaði í orð formanns LH þar sem hann vonaðist eftir góðu og skemmtilegu þingi því umfram allt ættum við að hafa gaman af því sem við tækjum okkur fyrir hendur. Óskaði hann LH til hamingju með 60 ára afmælið.

#### **Sigrún Ólafsdóttir** formaður félags tamningamanna.

Þakkaði boðið á þingið, sagði samstarf allra samtaka innan hestamenskunnar hafa verið mikið að undanfögnu og sagði það gott, þó tilefnið hefði mátt vera skemmtilegra og vitnaði þar í fundi og nefndarstörf vegna hóstaveikinnar á árinu, en minnti á að margt jákvætt væri einnig búið að vera í gangi, t.d. glæsilegt Íslandsmót í Hafnarfirði og kynbótasýningar sumarsins hafi farið fram úr björtustu vonum. Félag tamningamanna hefði staðið fyrir allmörgum kennslusýningum og viðburðum á árinu og ætlunin væri að gera betur og bjóða upp á fleiri viðburði innan skamms. Lýsti hún yfir ánægju sinni með

að hafa átt þess kost síðastliðin vetur að taka þátt í fundaherferð þeirra Kristins Guðnasonar, formanns Félags hrossabænda og Guðlaugs Antonssonar, hrossaræktar-ráðunautar, og sagði það hafa verið skemmtilegt starf. Þar komu fram óskir um að FT stæði fyrir fleiri viðburðum víða um land og þá í samvinnu við hestamenn á svæðinu. Eftir jafn erfiða mánuði og hestamenn hafa átt undanfarið sitji eftir breyttur veruleiki sem vonandi væri hægt að læra að lifa með. Hvatti hún hestamenn um að gera kröfu á þá stofnun, sem hefði yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti dýra og manna sem og okkur sjálf, að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að enn alvarlegri sjúkdómar bærust til landsins, væri það mikið hagsmunamál sem yrði ávallt að vera baráttumál okkar allra.

Sigrún sagðist trúa því að framundan væru góðir og spennandi tímar með mörg tækifæri fyrir okkur og íslenska hestinn. Skoraði hún á þingið að falla ekki frá því að halda LM næsta sumar, það væri lífsspursmál fyrir atvinnugreinina. Að lokum færði hún þinginu kveðjur frá stjórn FT með ósk um gott þing.

**Kristinn Guðnason** formaður félags hrossabænda.

Kristinn þakkaði fyrir að fá tækifæri til að ávarpa þingið. Margt væri einkennilegt við þetta ár, glímt við hósta í hrossum sem yfirtók stofninn og reyndi það mikið á samstarf hestamanna en þó tókst að lágmarka skaðann. Ekki væri síður nauðsynlegt að rífa sig upp úr þessu. Bar Kristinn sérstakar þakkir til Haraldar og Sigrúnar fyrir gott samstarf, og gott væri að hafa traust bakland þegar taka þyrfti erfiðar ákvarðanir.

Félagskerfið sé ekki lélegt ef það er rétt nýtt og ekki væri annarsstaðar í heiminum jafn mikill áhugi á hestamenskunni og mikilvægt sé að líta til hins jákvæða.

Sigurður þingforseti las kveðju frá gullmerkishafa **Sigurði Sigmundssyni** þar sem hann þakkaði boðið á þingið og óskaði stjórn LH og þinginu velfarnaðar.

## FÉLAGAR HEIÐRAÐIR

### SEX FÉLAGAR HEIÐRAÐIR

Haraldur hélt tölu um störf þessa fólks í gegnum árin og þakkaði þeim þeirra framlag til hestamennskunnar, starfsmaður LH, Oddrún, afhenti merkin. Haraldur rakti síðan feril og störf þessara aðila.

#### Pétur Behrens

Pétur Behrens kom fyrst til Íslands 1959, þýskur námsmaður í leit að vinnu. Hann kynntist íslenska hestinum og flutti alkominn til landsins 1962. Árið 1963 sá hann auglýsingu í Tímanum, um að það vantaði tamningamann norður á Efra-Vatnshorn í Húnavatnssýslu. Hann hringdi í bóndann og sagðist vera tamningamaður, þótt hann hefði enga reynslu nema smávægilega af stórum hestum í Þýskalandi. En áhuginn og þrautsegjan er það sem gerir menn úr ungu fólki. Þar með hófst tamningaferill Péturs, og afskipti hans af hestamennsku og reiðmennsku á Íslandi. Þau afskipti hafa staðið óslitið síðan, og allir geta verið sammála um að þau afskipti hafi verið til góðs.

Árið 1966 kynntist hann fyrri konu sinni, Ragnheiði Sigurgrímsdóttur. Saman voru þau í fararbroddi á mótunarárunum í kring um 1970, þegar áhrif erlendrar reiðhefðar, einkum þýskrar, helltust yfir íslenska hestamenn, sumum til ánægju og öðrum ekki. Í mörg ár var Keldnakot í gamla Stokkseyrarhreppi ein af miðstöðvum reiðmennsku og tamninga hér á landi.

Pétur átti drjúgan þátt í stofnun Félags tamningamanna, sem var stofnað á Hótel Loftleiðum 1970. Hugmyndin kviknaði þó í litlu risherbergi norður á Ströndum þar sem Pétur og fleiri störfuðu við tamningar. Pétur var lengi í stjórn félagsins og var einskonar siðameistari þess, en honum þótti skorta nokkuð á aga í stétt tamningamanna á Íslandi, alla vega framan af. Hann var einn af stofnendum hestamannafélagsins Geisla í Breiðdal og formaður þess um skeið, og var í stjórn HRAUST um árabil.

Pétur átti sæti í landsliði Íslands á Evrópumóti í Sviss 1973. Hann var oft liðsstjóri liðsins, en þar naut tungumálakunnátta hans sín vel. Hann er höfundur bókarinnar AÐ TEMJA, sem var gefin út af Eiðföxa 1981. Og að lokum má geta þess að Pétur, og kona hans Marietta Maissen, hafa í fjölmörg ár þýtt ógrynnin öll af greinum og viðtölum við íslenskt hestafólk yfir á þýsku fyrir Eiðföxa International og komið þannig íslenskri hestamennsku og íslenskum viðhorfum til skila yfir á meginlandið.

Fyrir framlag sitt til hestamenskunnar hlýtur Pétur Behrens gullmerki LH.

### **Einar Höskuldsson**

Einar Höskuldsson, lengst af kenndur við Mosfell í Austur-Húnavatnssýslu, er frumkvöðull í tamningum á Íslandi. Hann var byrjaður að temja hesta um miðjan sjötta áratug síðustu aldar og var með þeim fyrstu sem störfuðu við tamningar á skipulögðum tamningastöðvum. Má þar nefna tamningastöðina á Blönduósi, sem var sett á laggirnar upp úr 1960.

Einar var einn af stofnendum Félags tamningamanna og starfaði í félaginu í mörg ár. Hann er í þeim hópi íslenskra hestamanna og tamningamanna sem þekkja hestinn frá öllum hliðum, ef svo má segja, sem vinnuhest, ferðahest, listrænan gæðing, — og sem mynt í viðskiptum þegar svo bar undir. Hann hefur alltaf verið trúr hinni gömlu íslensku reiðmennsku og hefur ákveðnar skoðanir á þeim málum. Í gömlum blöðum má finna greinaskrif eftir Einar þar sem hann setur fram skoðanir sínar, en hann er eins og allir vita sem til þekkja fagurkeri á íslenskt mál, bæði ritað og talað.

Einar er þó líklega þekktastur fyrir störf sín sem viljaprófari í kynbótadómum, en í allmörg ár var það vinnuregla að reiðmaður var fenginn til að fara á bak öllum kynbótahrossum sem í dóm komu. Enginn þótti betur fallinn til starfans en Einar. Um næmi hans, dómgreind og færni var ekki deilt. Naut hann

óskoraðs traust í þessu starfi. Hann sá um þennan þátt dómanna á þremur Landsmótum og þremur fjórðungsmótum.

Að lokum er rétt að geta þess að Einar hefur alla tíð verið ræktandi. Hápunkturinn á þeirri vegferð er þegar hann gaf okkur hana Rúnu Einarsdóttur, sem breytti viðhorfum okkar íslenskra hestamanna til hins betra í tamningum, meðferð hrossa og snyrtimennsku þau ár sem hún starfaði á Stóðhestastöð ríkisins í Gunnarsholti. Rétt er að taka fram að það gerði hann með hjálp eiginkonu sinnar Bryndísar Júlíusdóttur, sem er stödd hér líka.

Einar Höskuldsson hlýtur gullmerki LH fyrir framlag sitt til hestamennskunnar.

#### **Friðbjörg Vilhjálmsdóttir**

Hún hefur verið einn öflugasti starfsmaður mótahalds á Vindheimamelum frá því að mót hófust þar. Hún hefur ávallt séð til þess að menn væru saddir og sáttir þar. Það er okkur hestamönnum hollt að heyra um þá sem ekki ber mikið á en gera okkur kleift að njóta hestsins á Landsmótum sem öðrum mótum.

Friðbjörg hlýtur gullmerki LH fyrir framlag sitt til hestamenskunnar.

#### **Anna Jóhannsdóttir**

Anna hefur starfað lengi að málefnum hestamenskunnar innan héraðs sem utan og þ.á.m. starfað mikið að mótahaldi í Skagafirði. Hún hefur í gegnum tíðina beitt sér mjög fyrir eflingu á æskulýðsstarfi og stofnaði m.a. til viðburðarins „Æskan og hesturinn“ í Skagafirði.

Anna hefur tekið virkan þátt í félagsstarfi hestamanna heima í héraði sem og á landsvísu.

Anna Jóhannsdóttir hlýtur gullmerki LH fyrir framlag sitt til hestamenskunnar.

**Sigurður Hallmarsson**

Sigurður Hallmarsson fyrrverandi skólastjóri og fræðslustjóri frá Húsavík (fæddur 24. nóv. 1929).

Sigurður Hallmarsson er einn af frumkvöðlum að stofnun hestamannafélagsins Grana á Húsavík. Hann sat í fyrstu stjórn þess félags og síðan formaður og gegndi því starfi í tvígang. Alla tíð hefur Sigurður verið mikill drifkraftur og metnaðarfullur í félagsmálum hestamanna á Húsavík. Sigurður kynntist á þessum árum nafna sínum Sigurði Haraldssyni hrossaræktanda á Kirkjubæ, sem þá var enn starfandi á Hólum í Hjaltadal. Með þeim nöfnum varð til vinátta sem leiddi til þess að Sigurður Hallmarsson fékk nafna sinn til að segja til um reiðmennsku og tamningu á Húsavík. Einnig fékk margur félagsmaður Grana hest keyptan frá Hólum, fyrir tilstuðlan þeirra félaga og var margur Húsvíkingurinn vel ríðandi á þessu tímabili.

Sigurður Hallmarsson tók stóran þátt í undirbúningi með nafna sínum vegna LM 1966 á Hólum í Hjaltadal. Eftir þá reynslu Sigurðar gerist hann formaður undirbúningsnefndar fyrir fjórðungsmótið að Einarsstöðum í Reykjadal 1969 og er þar framkvæmdastjóri. Öll þessi reynsla Sigurðar nýttist vel heima í héraði þegar haldin voru hestamannamót. Sigurður var kosinn í stjórn LH 1988 og er í stjórn til 1990, en á þessu tímabili er Kári Arnórsson fyrrverandi skólastjóri frá Húsavík formaður LH, en þeir félagar Sigurður og Kári voru æskufélagar og samstarfsmenn áður fyrr.

Alla tíð, í sinni vinnu fyrir hestamenn, sýndi Sigurður af sér mikinn metnað. Sem lítið dæmi, þá má geta þess að á landsþingi á Húsavík þá hafði Sigurður málað heljarstórt málverk sem bakgrunn þingsins, skreytt hestum og fjöllum. Þetta málverk prýðir nú félagsheimili Grana í dag. En eins og margir vita þá er Sigurður snillings málari svo ekki sé minnst á leikhæfileika hans, sem landsþekktir eru. En einmitt á þessu sama þingi á Húsavík 1990 fluttu þau hjónin Sigurður og Herdís Birgisdóttir leikþátt á árshátíðarfagnaði þingsins,

sem er eitt ógleymanlegasta skemmtiatriði á árshátíðarfagnaði LH. En þar lá allur salurinn af hlátri á meðan á því skemmtiatriði stóð.

Já þau eru einstök Diddi og Dísá.

Alla tíð í sinni hestamennsku, hafði Sigurður brennandi áhuga á hrossarækt. Hann stundaði hana töluvert en ávallt í smáum stíl og þá í tengslum við vin sinn, Sigurð í Kirkjubæ og þá síðar með sonum Sigurðar, þeim Ágústi og Guðjóni. Sigurður hefur alltaf haft góðan smekk fyrir fríðleika og fínleika hrossa, og að hross færu vel í reið, og þar mótaði hann sjálfur sín hross afar vel, sem tamningamaður og reiðmaður.

Að lokum. Sigurður Hallmarsson hefur verið drifkraftur í hestamenskunni frá stofnun hestamannafélagsins Grana og er heiðursfélagi þar. Hann er enn að, á níræðis aldri. Alltaf boðinn og búinn að vinna með félaginu og neitar aldrei að taka harmonikkuna og spila undir söng. Og ef lýsa ætti Sigurði eins og áður fylgdi kynbótahrossunum, þá yrði umsögnin þessi:

Svipfallegur myndargripur, mætti vera háfættari, en reistur. Einstaklega hæfileikaríkur á öllum þáttum listarinnar. Hann er síviljugur og traustur. Hæfileikamestur allra.

EINN GULLMERKISHAFI VAR EKKI VIÐSTADDUR OG VEITTI HANN SÍNU MERKI MÓTTÖKU Á

LAUGARDAGSMORGUNINN EN ÞAÐ VAR JÓN ÓLAFUR SIGFÚSSON

### **Jón Ólafur Sigfússon**

Jón Ólafur byrjaði kornungur að skipta sér af málefnum hestamanna á Akureyri og hefur verið mjög virkur í öllu starfi Hestamannafélagsins Léttis í áratugi og gegnt þar ábyrgðarstörfum lengi.

Jón Ólafur Sigfússon var framkvæmdastjóri og formaður framkvæmdanefndar Landsmóts hestamanna á Melgerðismelum í Eyjafirði 1998 og stýrði

Því móti í gegnum mikla storma og hitasótt af sinni alkunnu snilld og stóð hann alltaf fremstur í stafni þegar á móti blés, sem það og gerði all hressilega á því móti eins og allir muna. Einnig hefur Jón Ólafur setið í stjórn Hestamannafélagsins Léttis í mörg, mörg ár, m.a sem formaður félagsins í sex ár. Í ótal nefndum hefur Jón setið fyrir hestamenn og mörg landsþing LH hefur Jón Ólafur setið og verið mjög virkur í öllu er snýr að hagsmunamálum hestamanna. Einnig sat hann í varastjórn LH eitt kjörtímabil.

Jón Ólafur starfar enn mikið fyrir hestamenn hér í héraði. Hann er einstaklega vandaður maður og alltaf hægt að leita til hans fyrir hestamenn almennt. Það var t.d ekki erfitt að fá Jón Ólaf til að taka að sér störf þingforseta hér á þessu þingi og er það í annað sinn sem hann gegnir því embætti hér á Akureyri. Orðið nei er ekki til í hans orðavali er hestamenn leita til hans. Jón Ólafur er sá félagsmaður sem hefur oft á tíðum skipt sköpum fyrir hestamenn á Akureyri og í Eyjafirði, mikill diplómat og sanngjarn, virtur meðal hestamanna, víðsýnn en rök- og stefnufastur í senn. Þessir eiginleikar Jóns hafa alloft nýst í hinum ýmsu málum hestamanna bæði hér heima við úrlausnarefni okkar sem og t.d í deilum um landsmótsstaðarval fyrri ára.

Jón Ólafur Sigfússon var kjörinn heiðursfélagi Hestamannafélagsins Léttis árið 2008. Einnig hefur Jón Ólafur verið heiðraður af Íþróttaráði Akureyrar ÍRA, fyrir framlag sitt til íþróttastarfs á hér í bæ. Jón Ólafur hlýtur gullmerki LH fyrir framlag sitt til hestamennskunnar.

Pétur Behrens steig í pontu og þakkaði fyrir sig og rifjaði upp sín upphafsár á Íslandi við tamningar í Húnavatnssýslu. Einar Höskuldsson þakkaði einnig fyrir sig, sagðist bæði hissa og þakklátur og vonaðist til að verða ekki mjög montinn þó hann væri það nú samt. Að því loknu voru gullmerkishafar myndaðir.

#### **AFHENDING ÆSKULÝÐSBIKARS LH**

Helga B. Helgadóttir afhenti hann en hann er veittur árlega því félagi sem þykir skara framúr í æskulýðsstarfi hverju sinni. Gripurinn var gefinn af HÍS 1996. Síðasta ár sker sig úr eins og allir vita en það efldi starfið. Félögin létu ekki deigan síga heldur buðu uppá viðburði fyrir börn og fjölskyldur þó að hesturinn sjálfur kæmi ekki endilega við sögu og héldu þannig við lífi í æskulýðsstarfinu. Fimmtán skýrslur bárust sem má finna á heimasíðu LH og var valið erfitt, sem er gott því þá er mikil gróska. Hestamannafélagið Logi í Biskupstungum hefur lagt mikið metnað í að byggja upp æskulýðsstarfið, félagið hefur einnig hlotið unglingabikar Héraðssambandsins. Fulltrúi Loga þakkaði fyrir sig og sitt félag. Sagði Loga njóta mikillar velvildar og berast margar góðar gjafir frá ánægðum foreldrum og ýmsum góðgerðarfélögum. Einnig hafi félagið hlotið mikla fjárstyrki sem voru nýttir í reiðhöllina á Flúðum.

#### **KJÖRBRÉFANEFND SKILAR ÁLITI**

Helga B. Helgadóttir Hestamannafélaginu Fáki var formaður kjörbréfanefndar en aðrir nefndarmenn voru Símon Gestsson frá Svaða og Höskuldur Jónsson frá Létti, en 39 félög eiga rétt til þingsetu með alls 166 fulltrúa.

Þeir sem voru kjörnir á þing frá hestamannafélögunum:

| Hestamannafélag | Nafn                   |
|-----------------|------------------------|
| Adam            | Pétur Blöndal          |
| Andvari         | Pétur A. Maack         |
|                 | Guðjón Árnason         |
|                 | Erla Guðný Gylfadóttir |
|                 | Geirþrúður Geirsdóttir |
|                 | Hrafnhildur Pálsdóttir |
|                 | Kristinn Hugason       |
|                 | Erling Ó. Sigurðsson   |
|                 | Halldór Halldórsson    |
| Dreyri          | Ólöf H. Samúelsdóttir  |
|                 | Ása Hólmarsdóttir      |
|                 | Inga Ósk Jónsdóttir    |
| Faxi            | Sigurbjörn Garðarsson  |

|          |                               |
|----------|-------------------------------|
|          | Eygló Hulda Óskarsdóttir      |
|          | Davíð Sigurðsson              |
|          | Haukur Bjarnason              |
| Fákur    | Árni S. Guðmundsson           |
|          | Helga B. Helgadóttir          |
|          | Þorvarður Helgason            |
|          | Eyjólfur S. Pálmason          |
|          | Valgerður Sveinsdóttir        |
|          | Ylfa P. Einarsdóttir          |
|          | Guðmundur Guðlaugsson         |
|          | Garðar Sigursteinsson         |
|          | Hrönn Ægisdóttir              |
|          | Anna Sigurðardóttir           |
|          | Jón Finnur Hansson            |
|          | Marianna Gunnarsdóttir        |
|          | Edda Rún Ragnarsdóttir        |
|          | Helga Classen                 |
|          | Þorgrímur Hallgrímsson        |
|          | Sigurður Matthíasson          |
|          | Guðmundur Gíslason            |
|          | Sigurbjörn Bárðarson          |
|          | Hrefna María Ómarsdóttir      |
|          | Þormóður Skorri Steingrímsson |
|          | Halldór Ólafsson              |
|          | Hjörný Snorradóttir           |
|          | Ásta Björnsdóttir             |
|          | Guðrún Oddsdóttir             |
|          | Hilda Karen Garðarsdóttir     |
|          | Hulda Gústafsdóttir           |
| Feykir   | Mariús Halldórsson            |
| Freyfaxi | Þórir Guðmundsson             |
|          | Einar Kr. Eysteinnsson        |

|               |                           |
|---------------|---------------------------|
|               | Bergur Már Hallgrímsson   |
| Funi          | Jónas Vigfússon           |
|               | Sigurður H. Kristjánsson  |
| Geysir        | Ómar Didriksson           |
|               | Erlendur Árnason          |
|               | Ólafur Þórisson           |
|               | Vignir Siggeirsson        |
|               | Hallgrímur Birkisson      |
|               | Kristinn Guðnason         |
|               | Guðrún Stefánsdóttir      |
|               | Þröstur Sigurðsson        |
|               | Gísli Sveinsson           |
| Glaður        | Eyþór Gíslason            |
|               | Þórður Ingólfsson         |
|               | Einar Jón Geirsson        |
| Glæsir        | Kristín Úlfisdóttir       |
| Gnýfari       | Ásgrímur Pálmason         |
|               | Ásgeir Logi Ásgeirsson    |
| Grani         | Þorgrímur Sigmundsson     |
|               | Ingólfur Jónsson          |
| Gustur        | Sveinbjörn Sveinbjörnsson |
|               | Hermann Vilmundarson      |
|               | Bjarnleifur Bjarnleifsson |
|               | Halldór Svansson          |
|               | Guðmundur Hagalínsson     |
|               | Kristín Jónasdóttir       |
|               | Þorsteinn Ragnarsson      |
| Hending       | Marínó Hákonarson         |
| Hornfirðingur | Pálmi Guðmundsson         |
|               | Ingólfur Vopni Ingólfsson |
| Hringur       | Sveinn Torfason           |
|               | Guðrún Rut Hreiðarsdóttir |

|          |                          |
|----------|--------------------------|
| Hörður   | Guðjón Magnússon         |
|          | Guðmundur Björgvinsson   |
|          | Guðný Ívarsdóttir        |
|          | Gyða Helgadóttir         |
|          | Súsanna Ólafsdóttir      |
|          | Hallgrímur Óskarsson     |
|          | Sigurður Guðmundsson     |
|          | Sigurður Teitsson        |
|          | Sigurður Ólafsson        |
|          | Þórir Örn Grétarsson     |
| Kópur    | Jón Geir Ólafsson        |
|          | Kristín Lárusdóttir      |
| Léttfeti | Pétur Grétarsson         |
|          | Jón Geirmundsson         |
|          | Páll Friðriksson         |
|          | Stefán Reynisson         |
| Léttir   | Andrea M. Þorvaldsdóttir |
|          | Anna Catarina Gros       |
|          | Höskuldur Jónsson        |
|          | Áslaug Kristjánsdóttir   |
|          | Jónas Kristjánsson       |
|          | Sigfús Helgason          |
|          | Sveinn Ingi Kjartansson  |
| Ljúfur   | Ida Lon                  |
|          | Sigurður Guðmundsson     |
|          | Bóel Sigurgeirsdóttir    |
| Logi     | Guðrún S. Magnúsdóttir   |
|          | Knútur Ármannsson        |
|          | Einar Ásgeir Sæmundson   |
| Máni     | G. Snorri Ólason         |
|          | Sigurður Ragnarsson      |
|          | Guðbergur Reynisson      |

|              |                              |
|--------------|------------------------------|
|              | Björn Viðar Ellertsson       |
|              | Böðvar Snorrason             |
|              | Sigrún Valdimarsdóttir       |
|              | Margeir Þorgeirsson          |
| Neisti       | Hjörtur Einarsson            |
|              | Selma Svavarsdóttir          |
|              | Hjörtur fer með umboð        |
| Sindri       | Petra K. Kristinsdóttir      |
|              | Andrína Guðrún Erlingsdóttir |
|              | Guðmundur Viðarsson          |
| Skuggi       | Marteinn Valdimarsson        |
|              | Margrét Grétarsdóttir        |
|              | Arnar Már Gíslason           |
|              | Kristján Þ. Gíslason         |
| Sleipnir     | Þórdís Ólöf Viðarsdóttir     |
|              | Karl Þór Hreggviðsson        |
|              | Sævar Sigurvinsson           |
|              | Ragnhildur Loftsdóttir       |
|              | Ágúst Hafsteinsson           |
|              | Haukur Baldvinsson           |
| Smári        | Guðni Árnason                |
|              | Ingvar Hjálmarsson           |
|              | Bára Másdóttir               |
|              | Cora Jovanna Claas           |
| Snæfaxi      | Reynir Atli Jónsson          |
| Snæfellingur | Gunnar Sturluson             |
|              | Ásdís Ólöf Sigurðardóttir    |
|              | Siguroddur Pétursson         |
| Sóti         | Steinunn Guðbjörnsdóttir     |
|              | Elfur E. Harðardóttir        |
| Stígandi     | Jónína Stefánsdóttir         |
|              | Jón Gunnlaugsson             |

|         |                               |
|---------|-------------------------------|
|         | Elvar Einarsson               |
|         | Hinrik Már Jónsson            |
| Stormur | Nanna Björk Bárðardóttir      |
| Svaði   | Auðbjörg Sigurbjörnsdóttir    |
|         | Símon Ingi Gestsson           |
|         | Haraldur Þór Jóhannsson       |
| Sörli   | Björn Bjarnason               |
|         | Margrét Friðriksdóttir        |
|         | Darri Gunnarsson              |
|         | Magnús Sigurjónsson           |
|         | Hilmar Bryde                  |
|         | Sigurður Ævarsson             |
|         | Páll Ólafsson                 |
|         | Guðrún Guðmundsdóttir         |
|         | Bryndís Snorradóttir          |
|         | Vilhjálmur Ólafsson           |
|         | Ingibergur Árnason            |
| Trausti | Sverrir Sigurjónsson          |
|         | Karítas Ottesen Ásmundsdóttir |
| Þjálfí  | Árný Hulda Sæmundardóttir     |
|         | Bryndís Ívarsdóttir           |
| Þytur   | Sigrún Kristín Þórðardóttir   |
|         | Kolbrún Stella Indriðadóttir  |
|         | Þórdís Benediktsdóttir        |
|         | Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir  |

#### KJÖR ÞINGNEFNDA

Guðmundur Hagalínsson formaður þingnefndar kynnti störf nefndarinnar sem í voru:

Ása Hólmarsdóttir Dreyra, Margeir Þorgeirsson Mána, Guðmundur Hagalínsson Gusti.

Vísaði Guðmundur í lagagrein 1.2.4. að það skuli starfa 6 þingnefndir auk kjörbréfa-nefndar, 5 fulltrúar í hverri nefnd, en þinginu er auk þess heimilt að skipa fleiri nefndir.

Nefndir þingsins eru: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd, æskulýðsnefnd, keppnisnefnd, kynbótanefnd og ferða- og umhverfisnefnd. Vitnaði í lagagrein 1.2.3. sem fjallar um atkvæðisrétt á landsþingi.

GH gat þess að hestamannafélagið Sörli hefði létt þeirra störf með því að senda lista yfir alla þingfulltrúa og í hvaða nefnd hver vildi starfa.

#### **ÚR KAFLA 1.4.2. STJÓRNSKIPADAR NEFNDIR**

„Auk framangreindra nefnda skipar stjórn LH kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en 2 mánuðum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, þingnefndir og formenn þingnefnda.

Kjörnefnd skal gera tillögu til stjórnar LH um skipun kjörbréfanefndar eigi síðar en 2 vikum fyrir landsþing hverju sinni.

Hlutverk kjörbréfanefndar er fyrst og fremst að fylgja eftir gr. 1.2.3. í lögum LH.”

Áliti kjörnefndar var dreift til fundarmanna.

Þingforseti kallaði eftir athugasemdum og smávægilegar leiðréttingar voru gerðar.

#### **Kjörbréfanefnd**

|                             |       |
|-----------------------------|-------|
| Helga B. Helgadóttir, form. | Fáki  |
| Símon Gestson               | Svaða |
| Höskuldur Jónsson           | Létti |

#### **Fjárhagsnefnd**

|                               |        |
|-------------------------------|--------|
| Valgerður Sveinsdóttir, form. | Fáki   |
| Hilmar Bryde                  | Sörla  |
| Þorsteinn Ragnarsson          | Gusti  |
| Inga Ósk Jónsdóttir           | Dreyra |
| Ólafur Þórisson               | Geysi  |

#### **Allsherjarnefnd**

|                              |        |
|------------------------------|--------|
| Marteinn Valdimarsson, form. | Skugga |
| Björn Bjarnason              | Sörla  |
| Sigrún K. Þórðardóttir       | Þyt    |

|                          |             |
|--------------------------|-------------|
| Steinunn Guðbjörnsdóttir | Sóta        |
| Gunnar Sturluson         | Snæfellingi |

**Æskulýðsnefnd**

|                                 |       |
|---------------------------------|-------|
| Andrea M. Þorvaldsdóttir, form. | Létti |
| Guðrún Guðmundsdóttir           | Sörla |
| Guðbergur Reynisson             | Mána  |
| Anna Sigurðardóttir             | Fáki  |
| Eypór Gíslason                  | Glað  |

**Keppnisnefnd**

|                               |             |
|-------------------------------|-------------|
| Sigurður V. Ragnarsson, form. | Mána        |
| Darri Gunnarsson              | Sörla       |
| Erla Guðný Gylfadóttir        | Andvara     |
| Ásdís Ólöf Sigurðardóttir     | Snæfellingi |
| Þórður Ingólfsson             | Glað        |

**Kynbótanefnd**

|                         |          |
|-------------------------|----------|
| Kristinn Hugason, form. | Andvara  |
| Páll Ólafsson           | Sörla    |
| Guðný Ívarsdóttir       | Herði    |
| Elvar Einarsson         | Stíganda |
| Jón Finnur Hansson      | Fáki     |

**Ferða- og umhverfisnefnd**

|                            |         |
|----------------------------|---------|
| Vilhjálmur Ólafsson, form. | Sörla   |
| Guðrún S. Magnúsdóttir     | Loga    |
| Halldór Halldórsson        | Andvara |
| Ómar Diðriksson            | Geysi   |
| Hilda Karen Garðarsdóttir  | Fáki    |

**Tillaga kjörnefndar lögð fyrir þingið og samþykkt með lófataki.**

Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan með tilliti til fundarboðs og engar athugasemdar gerðar.

#### SKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR

**Haraldur Þórarinnsson formaður**, flutti skýrslu stjórnar og kynnti nýja stjórn sem tók við á landsþingi LH á Kirkjubæjarklaustri 2008.

Haldnir voru 28 stjórnarfundir og 2 aukafundir ýmist á Norður- eða Suðurlandi og má sjá fundargerðir þessara funda inná [www.lhhestar.is](http://www.lhhestar.is). HÞ kynnti starfsfólk og opnunartíma skrifstofu LH en auk þess hefur LM ehf. aðsetur þar. Minnti hann á hið ómetanlega sjálfboðastarf fjölda fólks í nefndum og ráðum innan LH og taldi síðan upp nefndir innan LH. Auk hinna hefðbundnu nefnda starfaði einnig afmælisnefnd sem skipulagði fagnað 18. desember í Íðnó af tilefni 60 ára afmælis LH og einnig er ritnefnd að störfum sem tók að sér að rita sögu LH. Jafnframt hefur LH tekið þátt í sameiginlegri nefnd innan hestamennskunnar og hefur sú nefnd verið að sækja um fjármagn til að koma stafseminni af stað aftur eftir undangengin áföll og vitnaði þar í orð Kristins Guðnasonar. HÞ hafði orð á ódrengilegri umfjöllun þingmanna í fjölmiðlum og minnti á mikilvægi hestamennskunnar í samfélaginu. Skógarhólar eru nú reknir með breyttum rekstri og rekstrarfélag um Skógarhóla er í 100% eigu LH. Fundað var með Álfheiði Ingadóttur formanni Þingvallanefndar og Ólafi Haraldssyni framkvæmdastjóra og eru menn sammála um að tryggja hagsmuni hestamanna á Þingvöllum. Samstarf er hafið á milli LH og BÍ um vinnu að sameiginlegum verkefnum en þetta samstarf er á byrjunarstigi. HÞ kynnti fulltrúa LH í fagráði, Ísleif Jónasson og þau málefni sem rædd hafa verið innan þess. HÞ kynnti þau 4 mál sem upp hafa komið hjá aganefnd á árunum 2009-2010, þar eru margar brotalamir og miklar skammir koma fram í skýrslunni frá nefndinni. Þarf að endurskoða umhverfi, viðurlög og reglur varðandi agabrot og nauðsynlegt að finna lausn á þessu vandamáli í takt við önnur lönd.

Reiðvegamál eru enn stærsta hagsmunamál hestamanna. Haraldur kynnti áframhaldandi skráningu og flokkun reiðvega en samhliða því er unnið að því að setja reiðvegina inná Kortasjá Loftmynda, en markmiðið er að gera kortagrunn sem er öllum opin og nýtist fleirum en hestamönnum. Margir fundir hafa verið haldnir með starfsmönnum ráðuneyta og sveitarfélaga um lögverndun reiðvega. Mikill tími hefur farið í að verja rétt hestamanna á hálendinu, sérstaklega kringum Þjóðgarða, en tilhneiging er til að setja hestamenn og vélknúin ökutæki í sama flokk.

Vel heppnað heimsmeistaramót var haldið í Sviss 2009 og fór 18 manna landslið frá Íslandi. Mjög kostnaðarsamt var að senda liðið út og er taprekstur áhyggjuefni, þó ætti ekki að verða eins dýrt næst þar sem Austurríki er ódýrara land. Góður árangur náðist á mótinu. NM í Finnlandi gekk vel. Þar var góður andi og benti Haraldur á að gott gæti verið að nota Norðurlandamót sem vettvang fyrir yngri knapa í bland með reyndari knöpum, til að þjálfa þá yngri upp í þátttöku á stórmótum.

Haldið var áfram með U21 og verið að endurskoða ýmsa þætti í ljósi reynslunnar en markmiðið er að hafa góða afreksstefnu fyrir unga reiðmenn.

Mannvirkjanefndin vann gott starf við flokkun og skilgreiningu LM og ÍM staða. Einnig reynir hún að sjá til þess að byggingarnar séu rekstrarhæfar. Erfiðast er að reka húsin en ekki koma þeim upp, hvatti nefndin félögin til að gera sambærilega samninga og önnur íþróttafélög gera um sín íþróttahúsnæði.

Æskulýðsnefnd valdi 5 unglunga til að keppa fyrir hönd LH á FEIF Youth CAMP í USA á síðasta ári og 10 knapa til Danmerkurfarar á FEIF Yout CUP sem stóðu sig með prýði.

Sportfengur og Kappi voru kynntir sem tölvukerfi LH í mótahaldi og er unnið að endurbótum. Ný útgáfa af Kappa sem kom í vor var kynnt. Haraldur benti einnig á „pappírslaut“ þing og minnti á að skuldlausir félagar eigi að hafa aðgang að Worldfeng Öryggismál eru í stöðugri endurskoðun og nú er unnið að ráðstefnu um þessi mál með VÍS en það vantar oft að öryggisbúnaður sé vottaður. Ólympíuleikar eru eitt af langtíma markmiðunum. FEIF er aðili að Alþjóða Ólympíusambandinu og LH á fulltrúa í öllum nefndum FEIF. Tvær nefndir innan FEIF vinna að endurskoðun á lögum og áherslum þeirra. Í þessum nefndum starfa þeir Gunnar Sturluson og Sigbjörn Björnsson. LH er aðili að undirbúningi að stofnun sameiginlegs félags allra Norðurlandanna sem myndi meðal annars halda utan um Norðurlanda- og heimsmeistaramót þegar þau væru haldin á Norðurlöndunum. Gunnar Sturluson situr í þessari nefnd.

Landsmót hestamanna, LM ehf. er í eigu LH og BÍ. Stefnt er að því að ná niður afgangi fyrir mótssvæði og ná upp rekstrarafgangi. Nefnd vinnur að endurskoðun á umfangi landsmóta og rekstri LM ehf. svo það geti nýst eigendunum betur. Telur nefndin breytingar á svæðunum vera til góðs en það þurfi að ná kostnaði niður. Einnig hefur komið fram sú hugmynd að ríki og sveitarfélög byggi svæðin upp en LH reki mótin.

Formannafundur LH samþykkti einróma að fresta Landsmóti til 2011. Á fundi allra hagsmunaaðila þann 31. maí var tekin endanleg ákvörðun um að fresta mótinu.

Heimasíða LH er í stöðugri þróun til að flytja fréttir af starfi LH til hestamannafélaganna, en síðan á að vera miðill fyrir upplýsingar og fræðslu fyrir alla.

LH er í fræðslusamstarfi bæði við ÍSÍ og LBHÍ. Stefnan er að gefa sem flestum kost á að kynnst hestamennsku. Þörf á fræðslu er mikil því fræðslan eykur alltaf öryggið og aukið framboð af fræðslu getur aukið áhugann. Menntaráðstefna FEIF verður haldin á Íslandi í ágúst á næsta ári í samstarfi við LH, FT, FHB, LBHÍ og Hólaskóla.

Haraldur kynnti fyrirkomulag þjálfaramenntunar ÍSÍ en það er í 5 þrepum og kynnti einnig stefnuyfirlýsingu sem ÍSÍ samþykkti. Kynnti líka gagnagrunninn um alla þá sem ljúka námskeiðum en félögin bera ábyrgð á því að gögnin berist ÍSÍ.

Haraldur sagði frá því að LH og menntamálaráðherra hefðu skrifað undir viljayfirlýsingu um að þróa hestatengt nám í grunn- og framhaldsskólum. Fellur það vel að hugmyndum yfirvalda um eflingu í verk- og starfsnámi og eftirspurn er til staðar. Samningur var gerður við LBHÍ um sí- og endurmenntun fyrir alla, hvort sem það væri atvinnufólk, dómarar eða almennt áhugafólk. LH sendi erindi til LBHÍ þar sem farið var fram á að gerð yrði rannsókn um þyngingar á fótum og undirlags á völlum.

Önnur mikilvæg mál voru lagasetning um réttarstöðu hestamanna, lög varðandi skipulag hesthúsabyggða og skattalög varðandi hestamennsku. Fasteignagjöld eru mikið réttlætis mál og er það í höndum lögfræðinga. Fundað var með Umhverfisstofnun því þeir tóku upp á því að skattleggja hestamenn vegna leyfisgjalda en þetta verður tekið til endurskoðunar inn í dýraverndunarlögum. Bréf kom frá Akureyringum þess efnis að menn fái niðurfelldan virðisaukaskatt við uppbyggingu á hesthúsum. Þurfa hestamenn að standa vörð um þetta mál en ekki er enn komið svar frá fjármálaráðuneytinu þrátt fyrir ítrekanir.

Að lokum minnti Haraldur á nauðsyn þess að taka á því máli hver við erum svo okkur sé ekki sífellt kastað fram og til baka þegar við ætlum að leita réttar okkar. Og minnti einnig á eilífðarmálin, reiðvega-, mennta- og æskulýðsmál sem eru hornsteinninn. Fáar íþróttir eða áhugamál eru eins fjölskylduvæn eins og hestamennskan og enginn efast um þau uppeldislegu áhrif sem hestamennskan hefur. Haraldur þakkaði að lokum fyrir hönd

stjórnar framlag þeirra sem unnið hafa að eflingu hestamennskunnar við erfiðar aðstæður og minnti á slagorð LH: Íþróttir, menning, lífsstíll.

**ÁRSREIKNINGAR 2008-2009 OG 8 MÁNAÐA UPPGJÖR OG FJÁRHAGSÁÆTLANIR  
FYRIR 2010-2011**

**Maríanna Gunnarsdóttir** gjaldkeri LH lagði fram reikninga sambandsins fyrir árin 2008 og 2009 og skýrði þá. Einnig kynnti hún átta mánaða rekstur LH fyrri hluta ársins 2010 og fjárhagsáætlanir fyrir árin 2011 og 2012, var fjárhagsáætlunum vísað til fjárhagsnefndar.

Í ársreikningi 2008 eru tekjur kr. 39.682.418 og gjöld eru kr. 50.499.692.

Tap ársins án fjármagnsliða var kr. 10.817.274, tap með fjármagnsliðum kr. 9.306.824.

Á ársreikningi 2009 eru tekjur árið 2009 kr. 50.968.522 og gjöld eru kr. 48.347.485.

Hagnaður án fjármagnsliða kr. 2.621.037. Hagnaður með fjármagnsliðum kr. 3.163.475.

Tekjur fyrri hluta ársins 2010 eru kr. 19.324.305 og gjöld fyrri hluta ársins 2010 eru kr. 20.464.952.

Tap án fjármagnsliða fyrri hluta ársins 2010 eru kr. 1.140.647.

Tap með fjármagnsliðum fyrri ársins 2010 eru kr. 826.425.

**UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA -**

**UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA -**

**Jónas Vigfússon**, sagðist hafa gagnrýnt störf LH á síðasta þingi og talaði um að vinnubrögð hefðu ekki breyst mikið síðan þá. Sagðist hann ekkert vita hvað væri að gerast í landsmótsmálum, ekki birt þingtillaga fyrir þingið og fannst fundargerð koma seint og ekki nógu greiður aðgangur að henni, en var ánægður með að vefurinn skyldi lagaður. Lagði hann til að fundargerð yrði send á stjórnir með 1-2 vikna fyrirvara og ef ekki yrði gerð athugasemd þá væri hún samþykkt. Spyr hvort hann fái að sjá reikninga landsmóts og af hverju ekki sé búið að velja landsmótsstað. Sagði alltaf hafa tekið vel í

þá tillögu að halda ráðstefnu um landsmótsstaði en aldrei neitt gert. Gagnrýndi að nefnd sem átti að vera kjörin af félögunum var síðan handvalin rétt fyrir þing.

**Sigurður** þingforseti benti á að ef menn vildu koma í pontu og sýna mönnum eitthvað að hafa það á minnislykli.

**Haraldur Þórarinnsson**, tók undir framkomna gagnrýni og sagðist alltaf reyna að gera betur, sagði að Jóna Fanney myndi greina betur frá stöðu LM, en aðra reikninga mætti sækja á fyrirtækjaskrá. Varðandi Landsmót hafi engin tillaga verið samþykkt um að skipa nefnd til að endurskoða landsmótsmálin en á Landsþinginu 2008 hafi stjórn lofað að standa fyrir ráðstefnu um Landsmót. Varðandi val á Landsmótsstöðum var farið eftir ályktunum Formannafundar LH þar sem aðferðafræðin við val á Landsmótsstað var rædd og samþykkt. En aðferðafræðin var sú að bíða eftir skýrslu Mannvirkjanefndar um þá fjóra staði sem sóttu um. Menn vildu vanda val á LM stað og baðst afsökunar á því að hafa ekki verið innan tímamarka en þetta hafi verið sú leið sem ákveðið var að fara. Allt hefði orðið snarvitlaust þegar tilkynnt var um staðarvalið og það túlkað með ýmsum hætti. Í framhaldinu hafi verið ákveðið að bíða með staðarval 2014 þar til starfandi nefnd hefði lokið störfum. Mikilvægt væri að ná sátt um þessa ákvörðun og virða þær reglur sem vinna ætti eftir en það væri ábótavant og þess vegna hefði þessari ákvörðun verið frestað. Sagði nefndina ekki vera handvalda heldur voru skipaðir 3 af LH og 2 af BÍ, eigendum LM ehf. Beðið var eftir ritgerð Hjörnýjar Snorradóttur um landsmót og fulltrúa BÍ og þess vegna var nefndin heldur lengi að komast af stað en biðin þess virði.

**Ómar Diðriksson**, formaður Geysis, sýndi glæru á skjánum. Ástæðan um sundrung á LM-stað kom fram á formannafundi sem var haldinn í Íþróttamiðstöðinni. Gagnrýndi hann stjórnina sem talar um að fara í einu og öllu eftir reglum og vitnaði í reglur LH varðandi ákvörðun um LM-stað og tímasetningar og minnti á að hafa gagnrýnt seinagang í ákvarðanatöku á síðasta landsþingi. Benti hann á auglýsingu frá LH varðandi landsmótsstaði 2012 og 2014. Tveir sóttu um LM 2012 en fjórir um LM 2014. Vitnaði hann í fundargerð sem er á síðu LH 26. mars 2010 þar sem einungis 2 gildar umsóknir

eru nefndar um mótið 2012, frá Melgerðismelum og Hellu og hefði því ekki átt að tala við aðra. Vildi hann meina að ekki hefði verið farið eftir reglum LH og það hefði því skapað gremju og reiði meðal hestamanna og lýsti vantrausti á stjórn LH.

**Inga Ósk**, óskaði eftir skýringum á launakostnaði en óvenju miklar sveiflur voru á launakostnaði milli 2007-2009.

**Marianna Gunnarsdóttir**, gjaldkeri LH svaraði og sagði skýringuna vera breytingar á starfsmannahaldi, gamlir starfsmenn hefðu verið enn í vinnu á meðan nýir voru að taka til starfa og útskýrir það þessar miklu sveiflur. Einnig hefðu farið 5 milljónir í blaðið LH-hestar 2008 og 1,5 milljónir í vefsíðugerð fyrir LH 2009.

**Haraldur Þórarinnsson**, svaraði gagnrýni og sagði að það væri ekkert í lögum LH sem segði til um hvernig ætti að auglýsa eftir landsmótsstöðum. Viðurkenndi þó að allar umsóknir hefðu ekki verið í samræmi við auglýsingu eftir landsmótsstöðum 2012 og 2014. Haraldur benti á að Formannafundur LH hefði samþykkt þær leiðir sem svo var unnið eftir, þ.e. að Mannvirkjanefnd LH mæti alla staðina og stjórn LH myndi í kjölfarið velja á milli.

***ÞINGFORSETI BAR UPP REIKNING ÁRSINS 2008 UNDIR ATKVÆÐI OG  
VAR HANN SAMÞYKKTUR SAMHLJÓÐA.***

***REIKNINGAR 2009 VORU EINNIG BORNIR UNDIR ATKVÆÐI OG  
VORU SAMÞYKKTIR SAMHLJÓÐA AF ÞINGFULLTRÚUM.***

**FJÁRHAGSÁÆTLANIR:**

Fram kom tillaga um að vísa drögum að fjárhagsáætlunum til fjárhagsnefndar samkvæmt hefð og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri minnti á makaferðina á laugardeginum og bað menn að skrá sig og ganga frá greiðslum fyrir lokahófið og benti á að skýrsla þingsins myndi birtast á heimasíðu LH. Bað menn jafnframt um að hafa ekki kveikt á farsímum.

## KAFFIHLÉ

### TILLÖGUR TIL ÞINGS

Guðmundur Hagalínsson kynnti tillögur þingnefndar.

Öll þingskjöl væru á borðum og vonandi allir búnir að kynna sér þessar tillögur til að spara tíma. Eftirfarandi listi sýnir hvert þingskjölum var vísað:

#### **Þingskjal nr. 1**

*Flytjandi: Stjórn LH*

*Allsherjarnefnd*

#### **Þingskjal nr. 2**

*Flytjandi: Stjórn LH*

*Ferða- og umhverfisnefnd*

#### **Þingskjal nr. 3**

*Flytjandi: Stjórn LH*

*Allsherjarnefnd*

#### **Þingskjal nr. 4**

*Flytjandi: Stjórn LH*

*Allsherjarnefnd*

#### **Þingskjal nr. 5**

*Flytjandi: Stjórn LH*

*Kynbótanefnd*

#### **Þingskjal nr. 6**

*Flytjandi: Stjórn LH*

*Kynbótanefnd*

#### **Þingskjal nr. 7**

*Flytjandi: Stjórn LH*

*Allsherjarnefnd*

#### **Þingskjal nr. 8**

*Flytjandi: Stjórn LH*

*Allsherjarnefnd*

#### **Þingskjal nr. 9**

*Flytjandi: HÍDÍ, GDLH og stjórn LH*

*Allsherjar- og keppnisnefnd*

#### **Þingskjal nr. 10**

*Flytjandi: Keppnisnefnd LH*

*Keppnisnefnd*

#### **Þingskjal nr. 11**

*Flytjandi: Keppnisnefnd LH*

*Keppnisnefnd*

#### **Þingskjal nr. 12**

*Flytjandi: Kjörnefnd LH*

*Allsherjarnefnd*

#### **Þingskjal nr. 13**

*Flytjandi: Æskulýðsnefnd LH*

*Keppnisnefnd*

**Þingskjal nr. 14**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur*

*Keppnisnefnd*

**Þingskjal nr. 15**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur*

*Allsherjar-, keppnis- og æskulýðsnefnd*

**Þingskjal nr. 16**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur*

*Keppnisnefnd*

**Þingskjal nr. 17**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur*

*Keppnisnefnd*

**Þingskjal nr. 18**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur*

*Ferða- og umhverfisnefnd*

**Þingskjal nr. 19**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur*

*Kynbótanefnd*

**Þingskjal nr. 20**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur*

*Kynbótanefnd*

**Þingskjal nr. 21**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Funi*

*Allsherjarnefnd*

**Þingskjal nr. 22**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir*

*Allsherjarnefnd*

**Þingskjal nr. 23**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir*

*Allsherjarnefnd*

**Þingskjal nr. 24**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir*

*Keppnisnefnd*

**Þingskjal nr. 25**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir*

*Keppnisnefnd*

**Þingskjal nr. 26**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir*

*Keppnisnefnd*

**Þingskjal nr. 27**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir*

*Allsherjar- og keppnisnefnd*

**Þingskjal nr. 28**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Gustur*

*Keppnisnefnd*

**Þingskjal nr. 29**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Hörður*

*Allsherjarnefnd*

**Þingskjal nr. 30**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Léttir*

*Allsherjar-, keppnis- og æskulýðsnefnd*

**Þingskjal nr. 31**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Léttir*

*Keppnisnefnd*

**Þingskjal nr. 32**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Stígandi*

*Allsherjarnefnd*

**Þingskjal nr. 33**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Sörli*

*Allsherjarnefnd*

**Þingskjal nr. 34**

*Flytjandi: Hestamannafélagið Sörli*

*Allsherjarnefnd*

**Þingskjal nr. 35**

*Flytjandi: Ferða- og samgöngunefnd LH  
Ferða- og umhverfisnefnd*

**Þingskjal nr. 36.**

*Flytjandi: Ferða- og samgöngunefnd LH  
Ferða- og umhverfisnefnd*

**Þingskjal nr. 37**

*Flytjandi: Ferða- og samgöngunefnd LH  
Ferða- og umhverfisnefnd*

**Þingskjal nr. 38**

*Flytjandi: Ferða- og samgöngunefnd  
Ferða- og umhverfisnefnd.*

---

**LANDSMÓTSMÁL**

**Jóna Fanney Friðriksdóttir** framkvæmdastjóri LM 2010, flutti skýrslu Landsmóts ehf en 60. Landsmót hestamanna átti að halda á Vindheimamelum en var frestað vegna hestapestar eins og kunnugt er. Sagði hún að í upphafi hafi verið lögð áhersla á að byrja undirbúning Landsmóts fyrr en oft áður og leggja höfuðáherslu á að mótið yrði fjölskylduhátíð frekar en með hefðbundnum útihátíðarblæ. Auglýst var eftir sjálfboðaliðum til starfa og bætt við einum degi við dagskrána til að létta hana, reynt var af megni að auka samstarf og samráð við alla hagsmunaaðila og lögð áhersla á að gera stjórnvöldum grein fyrir umfangi mótsins. Formenn LH og LM undirrituðu samning við Gullhýl, rekstraraðila Vindheimamela, í maí 2008, sem var endurskoðaður í ágúst 2009. Í samningnum er ekki gert ráð fyrir LM greiði staðarhaldara leigu og er það í fyrsta skipti sem sá háttur er hafður á. Í staðinn var reynt að fá ríki og sveitarfélög til að taka meiri þátt í rekstrinum. Veittar voru 25,5 millj. kr til framkvæmda á Vindheimamelum á fjárlögum 2009 og 2010 sem áttu að nýtast í uppbyggingu á svæðinu. Benti hún á að einnig hafi komið fjármagn af fjárlögum til Rangárbakka vegna LM 2008. Ný stjórn LM ehf tók við í apríl 2009. Fór Jóna Fanney yfir störf fyrri stjórnar og taldi brýnt að hefja kynningu á mótinu snemma. Seldir voru fyrirfram miðar í stúkur og stæði og bolir fyrir 38 millj. kr. áður en mótið var blásið af. Við frestunina kom upp sú staða að endurgreiða þurfti verulegan hluta þess sem komið var inn eða um 23 millj. og að enn væru að berast beiðnir um endurgreiðslur. Tryggja hefði þurft að til væri fjármagn til endurgreiðslu allra miða áður en fyrsti maður fengi borgað en viðskiptavinum væri í sjálfsveld sett hvort þeir fengju endurgreitt eða geymdu miðann til LM 2011. Leitað var til Byggðastofnunar með lán og til Framleiðnisjóðs með styrk vegna endurgreiðsluvanda Landsmóts og fengust alls 16 millj. kr. frá báðum þessum stofnunum sem þá hefði dekkað 100% endurgreiðslu, ef

til þeirra hefði komið. Mikil umsýsla var í gegnum endurgreiðslu miða. Þó nokkur fjöldi ákvað að geyma miða sína til næsta Landsmóts sem gerði það að verkum að hægt væri að „starta“ næsta Landsmóti. Endurgreiða þurfti allt sem viðkom markaðssölu/sölubásunum á svæðinu. Að sögn Jónu Fanneyjar var Landsmót svo til tilbúið þegar ákveðið var að fresta því í lok maí 2010. LH og LM fjárfestu í rafmagnstenglum og fánaborgum í samstarfi við UMFÍ, það er nýbreytni þannig að nú er þetta alltaf til í gámum þegar á þarf að halda við næstu mót. Enginn er nú á launaskrá hjá LM meðan beðið er eftir næstu skrefum. Gríðarlega mikil vinna var við að vinda ofan af landsmótinu og þakkaði Jóna Fanney hestamönnum velvild og skilning við þungbæra ákvörðun, einnig starfsfólki LM og LH.

Sigurður fundarstjóri benti á að skýrsla Hjörnýjar væri til afhendingar á kr. 7.500-.

#### **ÁFANGASKÝRSLA UM GREINARGERÐ LANDSMÓTSNEFNDAR LH UNNIN Í SEPT. OG OKT. 2010**

**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** sagði að fimm aðilar sætu í þessari nefnd LH sem var skipuð nú í september. Nefndin mun fara yfir þróun og skipulag og framtíð LM, en í henni eru Kristinn Guðnason og Sigrún Ólafsdóttir fh. BÍ, Stefán Haraldsson, Birgir Leó Ólafsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson fh. LH. Haraldur Örn Gunnarsson er starfsmaður nefndarinnar og hefur haldið utan um þetta allt. Áfangaskýrslan er aðeins viðleitni til að útskýra gang mála fyrir þinginu. Aðeins 3 fundir eru búnir en frestur er til 1. mars n.k. til að skila lokaskýrslu. Sveinbjörn las upp og rakti sögu LM frá 1950 og taldi upp þá staði þar sem mótið hefur verið haldið, talaði um breyttar kröfur til staðarhaldara og minntist á meistaraþrófsritgerð um LM eftir Hjörnýju Snorradóttur sem fékk 1. einkunn fyrir ritgerðina og hefur nefndin mikið stuðst við hana og bað Sveinbjörn þinggesti um að klappa fyrir Hjörnýju fyrir þetta tímamótaverk. Víða er vitnaði í ritgerðina sem er byggð á skoðanakönnunum og viðtölum, minntist á nokkrar tölulegar staðreyndir og kynntar þær hugmyndir sem nefndin er að skoða um kosti og galla núverandi fyrirkomulags og hvernig gera mætti betur. Taldi Sveinbjörn upp rekstraraðila LM frá upphafi. Minntist á ógnanir landsmóta og spurði hverjar séu raunverulegar ógnanir. Smit erlendis frá og

deilur innan hestamennskunnar væru stærstu hætturnar því ímyndin verður að vera góð því LM er sá viðburður sem allir taka eftir og allir fylgjast með. Tryggja verður að hagnaður verði af rekstrinum hverju sinni. Á síðasta Búnaðarþingi var samþykkt ályktun þar sem spurt er hvort ástæða sé til að halda sér kynbótamót. LH óskaði eftir skýringum frá BÍ og hvort vilji væri fyrir áframhaldandi samstarfi en engin svör hafa enn borist frá BÍ. Oft hefur mikið verið deilt um staðarval og því er spurt hversvegna vilja svæðin halda LM. Svárið er: Aukinn slagkraftur til uppbygginga á viðkomandi svæði og gríðarleg innspýting fyrir alla þjónustu í viðkomandi héraði. Sveinbjörn sagði áhuga og samkeppni af hinu góða en ófrið og deilur engum til góðs og birti með þessum orðum mynd að ljónum í drápshug, sem fundargestir klöppuðu fyrir. Benti hann á að þetta væri að sjálfsögðu viss aðferð en hann kysi að nota hana ekki. Hvað er þá til ráða? Setja þarf staðla og skoða reynslu af fyrri mótum. BÍ hefur tjáð sig þannig að eðlilegt sé að þeir komi að vali á landsmótsstað og Sveinbjörn sér fyrir sér að menn klári þetta í sátt og samlyndi með handabandi.

Að lokum sagði Sveinbjörn „hvernig viljum við sjá LM fyrir okkur? Nefndin þarf svör og hugmyndir frá hinum almenna hestamanni og hann sæi fyrir sér fulla áhorfendabrekku með gæðinga á vellinum, helst í góðu veðri”.

Bað hann síðan meðnefndarmenn sína að koma upp til að sitja fyrir svörum.

**Jónas Vigfússon**, spurði úr sal hvort nefndin ætlaði ekki að vera búin fyrir 2012.

Sveinbjörn svaraði og vitnaði í skýrsluna um að frestur hefði verið gefin til 1. mars 2011.

**Erling Ó. Sigurðsson**, benti á Ellaveikina sem kom upp 1994 sem byrjaði svipað og núna. Þá voru gefnir út forvarnarbæklingar og spjöld voru sett upp í Keflavík. Tók undir orð Sveinbjörns að forvarnir væru ekki nógu góðar, gestir kæmu í drullugum fötum inní landið. Sagðist vita dæmi þess að hestakerra var keypt erlendis, kerran sótthreinsuð bæði erlendis og heima en á sama stað keyptur jeppi sem kom með Norrænu sem ekki var hreinsaður, það væri óviðunandi.

**Bjarnleifur Bjarnleifsson**, þakkaði nefndinni fyrir ágæt störf og þrátt fyrir stuttan tíma hefði hún komst að meginkjarna um það hvað þarf að huga mest að, grunnurinn í góðu lagi, vantar að græða aðeins meira fé, en fyrst og síðast þarf að hemja ljónin, það væri okkur til framdráttar að laga ímynd okkar út á við.

**Sigfús Helgason**, þakkaði nefndinni fyrir mikið starf á stuttum tíma og beindi orðum sínum beint til þingsins og skoraði á þingheim að leggja allt í sölurnar til að finna lendingu í þessu máli, skaðinn með innbyrðis deilum væri óbætanlegur ef ekki færi að finnast lausn. Hægt og rólega væri verið að drepa allt landsmótshald, það væri ábyrgðarhluti að taka ekki á þessu máli og gefa nefndinni sem er vel mönnuð tækifæri á að klára sína vinnu en senda samt skýr skilaboð til að halda LH heilu og samstarfi þeirra við BÍ. ”Við ætlum að halda landsmót framtíðarinnar” sagði Sigfús að lokum.

**Sveinbjörn Sveinbjörnsson**, gleymdi að minnast á að það hafi verið rétt innan nefndarinnar hvort rétt væri að hætta að dæma kynbótahross á LM, nefndin telur það ekki góðan kost. Hvatti til umræðna.

**Sigurður fundarstjóri**, bendir á að ritgerð Hjörnýjar sé opin á [www.skemman.is](http://www.skemman.is) ef menn vilji skoða hana án þess að kaupa eintak.

**Ómar Diðriksson**, vildi ekki vera urrandi ljónið, benti á að sinn pistill væri settur fram til að stoppa rifrildið, vildi að menn vinni sameinaðir og til þess að það sé hægt verði að fara eftir reglum, sagðist vilja eiga þátt í þessu handabandi og þakkaði fyrir skýrsluna.

**Knútur Ármann**, hvatti menn til að nota þennan tímapunkt til að skoða fram í tímann og hvað ætlum við með LM í framtíðinni og hvernig ætlum við að aðgreina tvo stærstu viðburðina, LM og HM. Hann fagnaði skýrslu Hjörnýjar, hún gefur kost á faglegri vinnubrögðum, hún sýnir auknar kröfur um aðstöðu og því hljóti LM stöðum að fækka. Hvatti nefndina til að horfa langt fram í tímann.

**Kristinn Hugason**, vildi tala um það sem Sveinbjörn kom inn á síðast varðandi það að hætta að dæma kynbótahross á LM. Minnti á að í hans tíð var hætt að dæma hross fyrir byggingu á landsmótum en það hefði ekki gefist vel, minnti á ástæðuna fyrir því að farið var í þessa dóma á LM var til að samræma dómsaðstæður, stundum var verið að dæma á síldarplönnum og heimreiðum við misjafnar aðstæður. Eftir breytingu eru hross eingöngu dæmd á mótstöðum. Við eigum ekki að vera of íhaldssöm og hann hefði lengi talað fyrir nýju sýningarformi á LM, til að dagskrá gengi hraðar og mótið væri áhorfendavænna. Ekki kynbótafræðileg nauðsyn að dæma lítinn hluta hrossastofnsins. Ekki væri hætt á metnaðarlausum sýningum, það mætir enginn með góðan hest í lélegu formi og klúðrar sýningu þannig. Hægt væri að útfæra yfirlitssýningar með opnar einkunnir þá væri hægt að hækka eða lækka einkunnir en byggingareinkunnin stæði. Mótmælir því sem reyndur maður í faginu að þetta sé ekki gerlegt, að hætta að dæma kynbótahross á LM sé þröngsýni og afturhald.

**Guðrún Stefánsdóttir**, þakkar fyrir vel unnin störf en spyr nefndina um LM staði. Ef við ætlum að halda í þær kröfur sem verið hafa með uppbyggingu á stöðum, hve margir staðir hafa til þess bolmagn og ef eigi að dreifa þessu víða þá þurfi að lækka standard. Ef halda á glæsimót vill hún úttekt varðandi kostnað og kröfur og spurði hvað þeir hafi hugsað sér marga LM staði.

**Jónas Vigfússon**, þakkar áfangaskýrsluna. Sagðist koma upp vegna orða Knúts varðandi framtíðarsýn. Hann hafi lengi haft skoðanir á LM, hefði skipulagt svæði hestamanna frá 1979 bæði Gaddstaðaflati og Vindheimamela. Hans framtíðarsýn er að hafa góða aðstöðu sem víðast á landinu. Hann er formaður mannvirkjanefndar LH og sér mikið sjálfbærliðastarf víða um land og er ekki sammála Knúti með að fækka LM stöðum. Bendir á að Gaddstaðaflatir standi ekkert framar en Melgerðismelar. Ekki sé verið að vinna á Melgerðismelum að hlutum sem ekki nýtist milli ára, allt annað sé leyst með færanlegum hlutum t.d. salerni. Hann er sáttur við hugmyndir Kristins. Þegar hann sjálfur stakk upp á fjölgun LM var hans hugmynd sú að á milli LM-ára væru stórar kynbótasýningar, talaði um tvær stórar sýningar á ári bæði á Norður- og Suðurlandi til að

komast áfram í ræktun. Þetta gerðist ekki, það komu Fjórðungsmót sem reynt var svo að stækka með að fá fleiri félögum til samstarfs. Bendir hann á tillögu frá Funamönnum þess efnis að hafa LM á hverju ári og útskýrði lítillega og benti á kosti þessa fyrirkomulags. Vindheimamelar og Melgerðismelar séu helst bornir saman sem LM-staðir á Norðurlandi og taldi hann Melgerðismela hafa ýmislegt fram yfir þrátt fyrir það að Vindheimamelar hafi fimm sinnum haldið landsmót en Melgerðismelar bara einu sinni.

**Haraldur Þórarinnsson**, þakkaði fyrir skýrsluna, taldi biðina eftir ritgerðinni hafi verið þess virði. Telur hann umræðu og skoðanaskipti á LM stað af hinu góða. Minntist hann á hefðir í staðarvali og á staðarvalsskýrslu frá Landsþingi 2006 en þar kom skýrt fram að það eigi að horfa til alls landsins og benti á að UMFÍ haldi sín mót um allt land og aldrei séu nein átök um það og taldi að hestamenn geti gert slíkt hið sama, þetta hefur áhrif á mótsstaðinn.

**Kári Arnórsson**, einn af gömlu formönnum LH, sagði að ef menn ætluðu að spara og hafa bara einn LM stað væri það Laugardalurinn í Reykjavík.

**Sveinbjörn Sveinbjörnsson**, þakkaði hlý orð til nefndarinnar. Svaraði Guðrúnu um að það væru ekki komnar fastmótaðar tillögur með fjölda staða, en kæmu vonandi fljótt. Er sammála Kristni með að menn eigi að koma með nýjar tillögur, koma með eitthvað nýtt til að halda í áhorfendur því það er það sem LM snýst um, en það væri eina samkoma hestamanna þar sem fólk er tilbúð að borga sig inn á. Hvatti hann fundargesti til að hafa samband við nefndina með síma eða tölvupósti.

**Sigurður Þingforseti**, bað nefndir um að vinna skipulega og vel svo að framsögumenn geti skilað verki nefndar sinnar í fyrramálið. Hann minnti á sýningu í Top Reiterhöllinni kl 21:30 og minnti á þingslitafagnað á laugardagskvöldið.

Fundi frestað kl 18:00 til 9:00 á laugardagsmorgun.

**LAUGARDAGUR 23. OKTÓBER**

Jón Ólafur Sigfússon er nú mættur sem þingforseti. Hann býður fólki velkomið og vonast til þess að allir eigi eftir að njóta helgarinnar hér á Akureyri. Því næst hefjast þingstörf.

**NEFNDIR SKILA ÁLITI**

**ALLSHERJARNEFND**

Marteinn Valdimarsson formaður nefndarinnar kynnir störf nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu 49 þingfulltrúar og voru tekin fyrir 17 þingmál. Hann þakkar nefndarmönnum fyrir sína vinnu en þó sérstaklega Gunnari Sturlusyni, ritara nefndarinnar.

Þingskjöl og afgreiðslur nefndarinnar:

**Þingskjal nr. 1**

Leggur til breytingartillögu:

**Breytingartillaga verður þingskjal nr. 1a:**

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23.október 2010 beinir því til ráðherra sveitarstjórnarmála að fasteignagjöld á hesthúsum verði í sama gjaldflokki allsstaðar á landinu, þ.e. í A-stofni. Væri hesthús því skilgreint sem frístundahús og því í lægsta gjaldflokki.

**Engin umræða. Tillagan samþykkt.**

**Þingskjal nr. 3**

Leggur til breytingartillögu:

**Breytingartillaga verður þingskjal nr. 3a:**

**6.1 Ákvörðun um Landsmót**

Landsmót hestamanna skulu haldin annað hvert ár. Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við rekstraraðila. Skal ákvörðun um mótsstað liggja fyrir a.m.k. fimm árum fyrir það mót sem um ræðir. Samningar skulu vera frágengnir og undirritaðir minnst þremur árum áður. Ef samningar nást ekki skal staðarval endurskoðað. Við staðarval skal stjórn LH hafa til hliðsjónar fjárhagslega hagkvæmni svo og yfirsýn á félagslegt réttlæti. Samhliða staðarákvörðun skal liggja fyrir

samningur um eftirgjald (leigu) fyrir mótssvæðið. Við bætist ný grein til bráðabirgða sem stjórn Landssambands hestamannafélaga leggur fram:

6.1.1

Landsmót 2010 sem fara átti fram á Vindheimamelum í Skagafirði dagana 27. júní – 4. júlí 2010 verði frestað til 26. júní - 3. júlí 2011 og haldið þá á sama stað.

Um leið og landsmóti 2011 lýkur fellur þessi grein úr gildi.

Greinargerð:

Á formannafundi LH. 28. maí 2010 var lögð fram sú ályktun um að fresta LM 2010 til 2011. Í framhaldi af þeirri ályktun samþykkti stjórn LH í samráði við BÍ og formenn hestamannafélaganna frestunina og að mótið yrði haldið á sama stað og fyrirhugað var 2010. Einnig samþykkti stjórn LH að aldursflokkaskipting myndi vera sú sama og 2010.

**Engin umræða. Tillagan samþykkt.**

**Þingskjal nr. 4**

Leggur til breytingartillögu:

**Breytingartillaga verður þingskjal nr. 4a:**

Ályktun:

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir að knapar, íþrótta- og kynbótaknappar, starfsmenn og þjálfarar sem ferðast á vegum LH í keppnisferðum innanlands og erlendis hlýti allir sömu reglum varðandi agabrot.

**Engin umræða. Tillagan samþykkt.**

**Þingskjal nr. 7**

Leggur til breytingartillögu:

**Breytingartillaga verður þingskjal nr. 7a:**

Ályktun

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 hvetur hestamannafélög til að nota tölvukerfið Sportfeng við mótahald skv. lögum og reglum LH.

**Engin umræða. Tillagan samþykkt.**

**Þingskjal nr. 8**

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir, að ef Landsmót fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum þannig að ekki er hægt að halda það á því ári sem áætlað var, tekur næsta Landsmót við að tveimur árum liðnum.

**Tillagan var felld í nefndinni.**

**UMRÆÐA:**

**Haraldur Þórarinsson**, vildi koma því að framfæri, svo enginn misskilningur yrði, að það sem verið var að hugsa þegar þetta þingskjal er sett fram er framtíðin. „Þegar við lendum í þessari stöðu sem við lentum í sumar að fresta þurfti LM, þá liggi alveg ljóst fyrir hvað við þurfum að gera. Auk þess er nauðsynlegt að átta sig á því að við erum í alþjóðlegu samstarfi við FEIF, við fengum samþykki fyrir því að fresta LM 2010, en ef við lendum í þessari stöðu aftur, ætlum við þá að halda LM sama ár og heimsmeistaramót aftur. Fólki þarf aðeins að spyrja sig að því. Kannski þurfum við að taka upp einhver annarskonar mót og eða stórviðburði. Þetta er líka í ljósi þess að við erum að taka þátt í því að búa til félag með hinum Norðurlöndunum, sem á að sjá um Norðurlandamótin og heimsmeistaramótið, sem fyrirhugað er í Herning 2015. Það var spurt á formannafundinum, hvað ætla Íslendingar að gera ef það kemur upp 2014, ætla þeir að setja LM á 2015 sama ár og þeir eru að reka heimsmeistaramót með okkur? Þetta er eitthvað sem við þurfum að hugsa út í. Ekki fella tillöguna, frekar að vísa henni til LM-nefndarinnar eða samþykkja hana. Við getum ekki verið í alþjóðlegu samstarfi og alltaf sett puttann á það, þetta er eitthvað sem við þurfum að hugsa mjög vel“ sagði Haraldur.

**Darri Gunnarsson**: „Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags tamningamanna, nefndi það í ávarpi sínu í gær að það væri lífspursmál fyrir greinina að halda LM á næsta ári. Ef við samþykkjum þessa reglu erum við að segja, ef þessar aðstæður koma upp aftur getum við ekki haldið LM. Það þarf ekkert að setja reglur um alla hluti. Þetta fellum við.“

**Haraldur Þórarinsson**, tekur aftur til máls. Er hissa á að afstaðan sé svona hörð og grimm, hélt að við ætluðum að vera skynsöm hér. Endurtekur að hans vilji sé að tillagan sé samþykkt að öðrum kosti vísað til LM nefndar og alls ekki fella hana.

**Hulda Gústafsdóttir**, segist vera tvístígandi. Henni finnst við vera að troða á félögum okkar í FEIF. „Við hefðum getað haldið stórt og glæsilegt mót án þess að kalla það LM. Ef við lendum í þessu aftur og aftur þá erum við að senda þeim fingurinn. Við þurfum aðeins að hugsa okkur um. Segjum sem svo að það kæmi upp pest í Evrópu og það ætti að fresta Heimsmeistaramóti og fresta því um eitt ár, ofaní LM hjá okkur. Við yrðum ekki kát með það“ sagði hún. Leggur til að þessi tillaga verði ekki sent í LM nefndina og svæfð þar heldur samþykkja hana hér eins og hún kemur fyrir.

**Marínó Hákonarson**: „Nú höldum við áfram í orðaleik. Segjum sem svo að við fáum veiki annað hvert ár. Hvað ætlum við þá að gera? Ætlum við þá að fresta LM næstu 10 til 15 árin? Leggur til að þetta fari fyrir LM nefnd til að hafa Harald góðan“.

**Darri Gunnarsson**: „Með því að samþykkja þessa tillögu erum við að taka ákveðið vopn úr höndum okkar, þannig að þessi staða fái meðferð þegar hún komi upp. Það þarf ekki að setja reglur um alla hluti og þetta er einn af þeim“.

**Kristinn Guðnason**, tekur undir það sem Darri var að segja um þessar reglur. Hann telur að þegar teknar eru ákvarðanir eins og gert var núna, að fresta LH, það geri menn ekki að gamni sínu. Þetta mál hafi farið í mikið ferli og var fólk almennt sammála um að svona ættum við að vinna öll mál. Mótmælir hann því að njörva þetta svona niður. Er fyrst og fremst á móti því að setja reglur. Ef HM væri sett ofan í LM hjá okkur, yrðum við vitlaus yfir því? Hann telur ekki. Við þurfum að geta tekið á svona málum þegar þau koma upp, þá er vont að hafa fyrirfram ákveðnar reglur. Þetta er í fyrsta skiptið sem við frestum LM og ekkert víst að það hafi verið rétt ákvörðun. Við verðum að fá að læra af þessu öllu og vera ekki alltaf á svartsýnisnótunum. Frekar en að samþykkja tillöguna sé betra að vísa málinu í LM nefndina.

**Sveinbjörn Sveinbjörnsson**, ánægður þegar svona umræður skapast og mælir með því að þessari tillögu verði vísað til LM nefndar, þar sem það þurfi að skoða þetta nánar. Það

þurfi að afla ákveðna upplýsinga um málið og með því að vísa þessu til LM-nefndar erum við að senda ákveðin skilaboð um þetta til hestamannasamfélagsins.

**Darri Gunnarsson**, finnst sjálfsagt að LM-nefndin fjalli um þetta, en vill að við tökum ákvörðun um þetta hér og nú. Það séu skilaboðin sem við sendum nefndinni, ekki vísa þessu til LM-nefndar, fella þá tillögu og fella líka þessa tillögu.

**Jón Ólafur Þingforseti**, minnti menn á að samkvæmt þingsköpum má sami ræðumaður aðeins taka þrisvar sinnum til máls nema hann sé að bera af sér sakir. Þannig sé kvótinn búinn núna hjá Darra.

**Áslaug Kristjánsdóttir**, styður þá tillögu að þetta fari fyrir LM nefnd og hefur ekki trú á því að þetta mál sofni þar.

**Pétur Grétarsson**, segir að þegar hann lesi þessa tillögu finnst honum hún óljós. Í sumar þegar pestin kom, var talað um að fella niður LM. Við Skagfirðingar hugsuðum um allan þann undirbúning og þá vinnu sem við höfðum unnið og hvort öll okkar vinna væri þá töpuð. Þegar hann lesi þessa tillögu finnst honum þetta ekki nógu ljóst. Staður sem búinn er að undirbúa LM, svo kemur pestin og LM er felld niður. LM verður þá næst haldið á næsta stað eftir tvö ár. Hvað með þann stað þar sem LM átti að vera, en var felld niður. Þetta finnst honum grundvallaratriði að vita fyrir þá sem eru að halda LM því þetta getur gert útaf við staðina fjárhagslega. Finnst tillagan óljós hvað þetta varðar og hvetur salinn til að tjá sig eitthvað um þetta. Skiptir miklu máli upp á landsmótshald.

**Haraldur Þórarinnsson**, fagnar umræðunni og vonar að þingið finni farsæla lausn á þessu máli. Les upp út á hvað tillagan gekk, um frestun á LM: „Fundurinn beinir því til stjórn Landssambands hestamanna og Bændasamtaka Íslands að vinna í því í góðu samstarfi við Alþjóðasamband íslandshesta að mótið verði haldið í Skagafirði 2011.” Þetta væri spurning hvort við viljum alltaf vera að semja um þessa hluti. Auðvitað gætu alltaf komið upp pestir, en við skulum vona það að við stöndum ekki frammi fyrir því að það sé pest á

hverju ári. Haraldi finnst samt að það eigi að vera skýrt hvernig við eigum að bregðast við. Endilega að bæta þessu inn í tillöguna því sem Pétur var að tala um, þ.e. um mótsvæðin, hvernig þau standa gagnvart frestun LM.

**Þingið samþykkir að vísa tillögunni til LM-nefndar.**

### **Þingskjal nr. 9**

Leggur til breytingartillögu:

#### **Breytingartillaga verður þingskjal nr. 9a:**

##### **Tillaga:**

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. okt. 2010 samþykkir eftirfarandi tillögu: Mótshaldarar verða að sækja um gæðinga- og íþróttadómara til Dómaranefndar LH sem vinnur málið í samstarfi við HÍDÍ/GDLH til að mótin séu lögleg og fái skráningu í Sportfeng. Sækja skal um dómara fyrir 1. apríl ár hvert. Bera Dómaranefnd og dómarafélögin ábyrgð á að manna öll lögleg mót sem haldin eru. Dómaranefnd og félögunum ber að vera í sambandi við mótshaldara og ber dómurum að tilkynna forföll til Dómaranefndar eftir reglum þar um.

**Samþykkt samhljóða í nefndinni.**

##### **Greinargerð:**

Nauðsynlegt er að Dómaranefnd LH, GDLH og HÍDÍ hafi yfirsýn yfir öll lögleg mót og tryggi að allir dómarar séu í æfingu við að dæma og að allt fari fram eftir öllum þeim reglum sem við eiga. Einnig ber að gæta hagræðis hvað varðar ferðakostnað dómara og halda mótshöldurum upplýstum um hvaða dómarar dæma. Þessi aðferð er notuð í öllum öðrum greinum íþróttanna og er vel til þess fallið að lyfta okkar störfum upp á annað og betra plan.

#### **UMRÆÐA:**

**Sigurður Ævarsson**, benti á að þessi tillaga var líka tekin fyrir í keppnisnefnd og hún var umorðuð þar og leggur hann til að tillagan verði tekin fyrir í áliti keppnisnefndarinnar.

**Samþykkt.**

**Þingskjal nr. 12**

Leggur til breytingartillögu:

**Breytingartillaga verður þingskjal nr 12a:**

Samþykkt í nefnd með 2 mótatkvæðum.

Tillaga:

57. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Akureyri 22. – 23. október 2010, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum LH um kosningu stjórnar og verka-skiptingu og breytt hlutverk Kjörnefndar:

Grein 1.4 - Stjórn

Niður falli fjórða málsgrein

*„Kjörgengir í stjórn eru allir félagar í hestamannafélögum sem eru aðilar að LH. Stjórnarkosning skal vera skrifleg og óbundin. Skal kjósa formann og varaformann sérstaklega en aðra stjórnarmenn skal kjósa sameiginlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.“*

Grein 1.4.1 - Starfssvið stjórnar:

Ný lagagrein 1.4.1 - Kosning stjórnar

„Kjörgengir í stjórn eru allir félagar í hestamannafélögum sem eru aðilar að LH.

Tilkynning um framboð til embættis formanns eða til stjórnar LH skal berast Kjörnefnd minnst **hálfum mánuði** fyrir landsþing. Kjörnefnd er heimilt að samþykkja framboð sem fram koma síðar, enda hafi ekki komið fram nægur fjöldi frambjóðenda.

Til þess að ná kjöri sem formaður LH þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný um þá tvo sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða“.

Númer greinar breytist í 1.4.2

Grein 1.4.2 - Stjórnskipaðar nefndir

Númer greinar breytist í 1.4.3

Í málsgrein um Aðrar nefndir þar sem fjallað er um hlutverk Kjörnefndar. Í setningunni „Kjörnefnd hefur það hlutverk að **gera** tillögur til landsþings....“ í stað orðsins „gera“ komi orðin „**undirbúa og leggja fram**“.

Setningin hljóði á eftirfarandi hátt: „**Kjörnefnd hafi það hlutverk að undirbúa og leggja fram tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, þingnefndir og formenn þingnefnda.**“

**Engin umræða. Tillagan samþykkt.**

**Þingskjal nr. 15**

Leggur til breytingartillögu:

**Breytingartillaga verður þingskjal nr 15a:**

Fjallað um tillögu á þingskjali 30 og á þingskjali 15 saman.

Breytingartillaga var felld í nefndinni.

Tillaga:

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir að bætt verði við reglu 5.2 í lögum og reglugerðum um keppni á vegum LH eftirfarandi viðbót við þriðju setninguna (breytingin er feitletruð og verður setningin þá svohljóðandi):

Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglunga og ungmenna hins vegar **og teljast mótin aðskilin (sitthvort mótið).**

5.2. grein hljóði svo:

Á Íslandsmóti skal keppt í öllum greinum hestaíþróttar. **Halda skal Íslandsmót; mót fullorðinna annars vegar og barna, unglunga og ungmenna hins vegar.** Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarkspáttaka til verðlauna. Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þess að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi, **mótin teljast þó sitt hvort mótið. Keppendur sem hafa keppnisrétt á móti barna, unglunga og ungmenna hafa ekki keppnisrétt á Íslandsmóti fullorðinna.** Mótshöldurum er heimilt að setja lágmarkseinkunn í opnum flokki, og skal það auglýst minnst fjórum mánuðum fyrir mót. Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

Greinargerð:

Vaxandi óánægju hefur gætt meðal foreldra keppenda (barna, unglinga og ungmenna) með það fyrirkomulag að ekki megi sami hestur keppa á móti yngri flokka og fullorðinna í sömu grein. Það er venjulegri fjölskyldu ofviða að halda úti tvöföldum hestakosti fyrir bæði ungling og foreldra og heftir þetta oft þátttöku á báðum mótum. Tímabært er að einfalda málið og aðskilja mótin formlega, enda mótin oft haldin með allt að mánaðar millibili, með allt öðrum dómurum og á allt öðrum stað og því hálfgerð á skjön að kalla mótin „sama mót“.

Þegar svo langt líður á milli hafa hross jafnvel skipt um eigendur og nýr eigandi vill keppa á sínu hrossi. Þannig getur þetta einnig haft viðskiptahamlandi áhrif.

**UMRÆÐA:**

**Jónas Vigfússon**, sagði að í hans huga eru þetta tvö mót, ÍSl barna og ÍSL fullorðinna. „Þetta snýst um að fá lánaða hesta hjá pabba sínum eða barninu sínu“. Hann skilur þetta ekki alveg – knapinn er að keppa Hann vill samþykkja þessa tillögu.

**Andrea Margrét Þorvaldsdóttir**, sagði að æskulýðsnefnd hefði fjallað um þessa tillögu en nefndin væri klofin í málinu. Margir góðir punktar hefðu komið fram, m.a. að sömu hestar yrðu í úrslitum á báðum mótum. Hún styddi Jónas og vildi samþykkja þessa tillögu og sagði að ungmenni eigi jafnvel heima í fullorðinsflokki.

**Guðrún Magnúsdóttir**, las upp grein af Eiðfaxavefnum eftir Trausta Þór. Í greininni er rifjað upp fyrstu LH-þingin þegar var verið að búa til lög og reglur varðandi keppni. Höfundur undrar sig á því að enn sé verið að deila um allskonar reglur nú, mörgum áratugum seinna. „Hestamennska er samspil manns og hests og þegar á keppnisvöllin er komið er sýnt hvernig til hefur tekist. En margir hafa greinilega villst verulega af leið þegar þeir halda að margir úr fjölskyldunni geti notað sama hestinn í keppni. Græðgin í sigur og verðlaunapeninga er orðin of mikil. Það er engum hollt að fá viðurkenningu sem hann hefur ekki unnið fyrir. Hvatinn tekinn af knapanum, hvatinn til að gera betur“. Í

lokin sagði hún: „nú kolfellum við þessa tillögu og við viljum aldrei sjá hana aftur hér á LH þingum“.

**Erlingur Ólafur Sigurðsson**, var hrifinn af síðasta ræðumanni og þetta væri einmitt það sem honum búi í brjósti. „Við verðum að horfa á þetta með raunsæjum augum, þeir sem hafa meira á milli handanna eiga þá meiri möguleika á Íslandmóti barna. Það er ekki það sem við viljum, það mun skapast mun meira ójafnvægi á milli keppenda þar sem margir eru efnilegir. Þeir efnuðu fá að fleyta rjómann af hinu góða ef við fellum ekki þessa tillögu“.

**Þingið felldi tilöguna.**

### **Þingskjal nr. 21**

Leggur til breytingartillögu:

#### **Breytingartillaga verður þingskjal nr 21a:**

Nefndin samþykkir að vísa tillögunni til Landsmótsnefndar.

#### Tillaga:

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir að breyta reglum um undirbúning og framkvæmd landsmóta þannig að í stað 6. kafla í lögum og reglum LH komi eftirfarandi kafli:

#### 6 Reglur um undirbúning og framkvæmd landsmóta

##### 6.1 Um landsmót

Landsmót hestamanna skulu haldin á hverju ári. Á oddatöluárum verði haldin unglinga-landsmót, en fullorðinslandsmót á árum sem bera slétt ártal.

Kynbótahross verði sýnd á hverju ári auk kappreiða og töltkeppni.

##### 6.2 Undirbúningur landsmóta

Stjórn LH skal hafa forgöngu og umsjón með því að allur undirbúningur landsmóta sé vandaður. Stjórnin skal sjá um að traustur rekstraraðili standi að framkvæmd og rekstri mótanna og í samráði við þann aðila sjá um að mótssvæði séu undirbúin og uppfylli kröfur um fyrirmyndaraðstöðu að mati mannvirkjanefndar LH.

##### 6.3 Val á landsmótsstað

Landsmótsstað velur stjórn LH að höfðu samráði við Bændasamtök Íslands og rekstraraðila. Við staðarval skal haft að leiðarljósi að þeir staðir sem þegar eru uppbyggðir og fullnægja að mestu leyti kröfum til landsmótsstaða skulu fá tækifæri til að halda landsmót. Jafnframt eigi nýir staðir möguleika á að halda landsmót með nægum fyrirvara, hyggist staðarhaldarar byggja upp slíka aðstöðu. Þá sé horft til þess að mótssvæðið nýtist milli landsmóta og að nærþjónusta vegna landsmóts, eins og samgöngur, gistirými o.þ.h. uppfylli lágmarksviðmið.

Ákvörðun um landsmótsstað skal liggja fyrir með a.m.k. fimm ára fyrirvara. Samningar um aðstöðu á landsmótsstað og eftirgjald fyrir mótssvæðið skulu undirritaðir innan árs frá því ákvörðun um staðarval liggur fyrir.

#### 6.4 Tímasetning landsmóta

Tímasetning landsmóta skal ákveðin af stjórn LH og BÍ í samráði við rekstraraðila mótsins. Stefnt skal að því að landsmót fari fram fyrstu viku júlímánaðar.

**Engin umræða. Samþykkt tillaga nefndarinnar um að vísa tillögunni til Landsmótsnefndar.**

#### **Þingskjal nr. 22**

Leggur til breytingartillögu:

#### **Breytingartillaga verður þingskjal nr. 22a:**

Nefndin samþykkir að vísa tillögunni til Landsmótsnefndar.

#### Tillaga:

Lögð er fram tillaga til 57. Landsþings LH haldið á Akureyri 22. og 23. október þess efnis að stjórn LH beiti sér fyrir því að endurskoða rækilega tilgang, starfshætti og rekstur Landsmóts ehf.

#### Greinargerð:

Í ljósi reynslunnar allt frá stofnun Landsmóts ehf. er tímabært að staldra við og skoða hvað áunnist hefur og hvað misfarist í starfsháttum og rekstri undanfarinna landsmóta. Nauðsynlegt að rifja upp tilgang stofnunar þessa rekstrarfélags og hvort náðst hafi að ná fram þeim markmiðum sem upp var lagt með. Sömuleiðis er hægt að velta upp hvort Landsmót ehf. sé á réttri braut hvað varðar landsmótahaldið en mjög deildar meiningar

eru um það nú um stundir. Má þar nefna kröfur til mótssvæða og almennt umfang mótsins.

**Engin umræða Samþykkt tillaga nefndarinnar um að vísa tillögunni til Landsmóts-nefndar.**

**Þingskjal nr 23**

Leggur til breytingartillögu:

**Breytingartillaga verður þingskjal nr. 23a:**

**Tillaga:**

Lögð er fram tillaga fyrir 57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 til breytingar á kafla 6.1 í reglum LH um ákvörðun um Landsmót.

Lagt er til að fyrsta setning greinarinnar breytist og verði:

*Landsmót hestamanna skulu haldin annað hvert ár, til skiptis á einum stað á Norðurlandi og einum stað á Suðurlandi.*

**Greinargerð:**

Úthlutun landsmóta hefur verið mikið í umræðunni síðustu ár. Sitt sýnist hverjum enda oft á tíðum miklir hagsmunir í húfi og ekki síður tilfinningar. Nokkur sátt hefur verið um landsmótahald hin síðari ár á Norður- og Suðurlandi og er því hér með beint til þingsins að festa það fyrirkomulag í sessi með þessum hætti. Hér eru fyrst og fremst hagkvæmnissjónarmiðin sem eru forsenda þessarar tillögu. Það er skynsemi fólgin í því að byggja upp tvo staði til landsmótahalds til lengri tíma. Núverandi aðferð við staðarval, að etja staðarhöldurum saman og knésetja þá helst í samningum, getur ekki gengið til lengdar.

**UMRÆÐA:**

**Kristinn Hugason**, sagðist hafa efasemdir um að vísa öllum málum til LM-nefndar, það sé kannski ekki besti kosturinn. Hann vildi meina að best sé að hafa einn stað á landinu þar sem LM væri alltaf haldið, það sé skoðun sem hann hafi haft lengi. Einhverskonar þjóðarleikvang fyrir íslenska hestinn, þar sem hægt væri að sýna hestinn allt árið um kring. Þennan leikvang vildi hann sjá í Reykjavík. Annað hvort eitt svæði eða mörg. Hann vill fella tillöguna.

**Jón Geirmundsson**, þakkaði LM-nefnd og öðrum sem hafa verið að vinna að framtíðarstörfum LM. Sagðist vera búinn að fara á mörg LH þing og á hans fyrstu þingum var verið að rífast um LM-staði og núna er enn verið að rífast um LM-staði. Telur að nú verði að fara að finna lausn á þessum vanda. Talar um orð Kristinn um þjóðarleikvang, en samt vildi fólk hafa LM út á landi samkvæmt skoðanakönnunum. Að lokum sagði hann, að kannski sé bara besta að hafa þetta út um allt land svo allir geti farið á hausinn.

**Andrea Margrét Þorvaldsdóttir**, sagði að þær kröfur sem gerðar er til að halda LM séu orðnar miklar. Hennar skoðun er sú að það félag sem telur sig geta uppfyllt þau skilyrði til að halda LM meggi gera tilkall til þess. Skiptir í raun engu máli hvar LM er heldur bara hvort hægt er að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í dag til þess að halda LM.

**Jónas Vigfússon**, sagðist alltaf verið á móti því að hafa LM á einum stað. Hugmynd Kristins er samt fyrsta hugmyndin sem honum finnst góð. Vill ekki sjá bara einn LM-stað og ekki heldur bara tvo. Sammála Andreu um að búa eigi til staðla fyrir LM, eins og LM-nefndin leggur til þeir sem treysta sér í þann pakka taka þátt, aðrir ekki. Svona sér hann þetta fyrir sér og leggur til að tillaga 21 verði lesin með jákvæðu hugarfari.

**Ómar Diðriksson**, lýsir ánægju sinni með þessa umræðu, hvernig viljum við sjá LM í framtíðinni. Hann vildi kalla eftir ráðstefnu þar sem við höfum tíma til að ræða þessi mál og stinga á öll kýli sem eru grasserandi allstaðar. Lítil tími sé fyrir þetta mál á þessu þingi. Hann vill fá að ræða þetta vel og getað tekið í hendina á öllum sem hér fara út. Vill ekki vera eitthvert leiðindaljón.

**Ásgeir Ásgeirsson**, taldi þetta góða umræðu og margt sagt. Það eigi ekki að vera að finna upp hjólið endalaust aftur og aftur. Hann styður þá hugmynd að það þurfi að vera góð aðstaða fyrir hestamennsku eins víða og hægt er. Staðsetningin hvert ár skiptir ekki öllu máli né heldur á hversu mörgum stöðum. Bætt aðstaða verður til þess að fleyta greininni fram á við. Þar sem hnífurinn stendur í kúnni eru reksturinn og peningar við það að halda

LM. Benti á frjálsíþróttafélög sem eru að byggja upp sín svæði víða um landið og frábært væri að koma á þessa staði. Leggur til að hestamennskan sem hópíþrótt eigi að byggja upp sem flest svæði á landinu, okkur og íþróttinni til hagsbóta.

**Darri Gunnarsson**, talar um orð Kristins Hugasonar og hann hafi lagt áherslu á að við afgreiddum málið í stað þess að vísa málinu til LM nefndar. „Viljum við láta binda okkur við tvo LM staði“? Nefndin lagði til að vísa þessu til LM nefndar. Hann vill fella þá tillögu og taka þetta fyrir hér og nú, því það væri gott fyrir LM-nefndina.

**Áslaug Kristjánsdóttir**, vildi meina að nú sé komin tími á málþing hjá hestamönnum. Margir séu þeir sem sitja heima og hafa hvergi grundvöll til þess að ræða þessi mál. Dreifa eigi mótunum yfir landið ef félögin treysta sér til þess að taka þau að sér, það sé bara gott mál. Nefndi UMFÍ, af hverju ganga þau mót ár eftir ár, jú það er vegna gríðarlegrar sjálfboðavinnu. Það dragi úr stemmningunni að hafa þetta annað hvert ár. Hún vill hafa LM sjaldnar.

**Anna Catharina**, segist ekki vera Íslendingur en sér finnst gaman að sjá landið. Hún telur að fólk frá öðrum löndum vilji sjá sem flesta LM staði og njóta landsins.

**Lárus Hannesson**, formaður gæðingadómarafélagsins. Sagðist hafa komið fyrst á LH þing fyrir 20 árum og þá var verið að ræða LM staði og nú er enn verið að ræða LM staði. Hætta eigi að velja þessa staði svona handahófskennt helda búa til skilyrði sem þarf að uppfylla og þannig fara þeir í einhverskonar röð og verða þannig valdir. Hvetur til einhverskonar ráðstefnu þar sem þetta verður tekið rækilega fyrir.

**Haraldur Þórarinnsson**, minnti á hvað lög og reglur LH segja, en að í dag séum við í rauninni að mælast til þess að sem flestir sem treysta sér til, haldi LM. Vitnaði í skýrslu sem heitir Staðarval LM hestamanna og kom hún út 2006. Í þeirri skýrslu stendur alveg skýrt að við þurfum að passa það að það sé samkeppni á milli staða, þannig fáum við bestu mótin. Ekki negla þetta fast heldur gefa öðrum kost á að spreyta sig sem það vilja.

**Guðrún Stefánsdóttir**, sagði: „Mig langar að minna þingið á að síðasta UMFÍ landsmót var fært í Borgarnes þar sem staðurinn sem átti að halda mótið hafði ekki bolmagn til þess, sveitarfélagið var að fara á hausinn við að halda þetta mót. Viljum við einungis láta stórbýliskjarnana sitja að þessum mótum okkar, með því að samþykkja þetta erum við að velja tvo staði, Akureyri og Reykjavík, þetta eru þeir staðir sem hafa bolmagn til þess að halda LM. Við getum ekki sett öll félög á landinu í þá stöðu að þurfa að borga skuldahala sem fylgir því að halda LM. Að vísa öllum málum í þessa LM-nefnd finnst mér ég vera komin í gömlu Sovétríkin við að sitja þetta þing. Hér höfum við stjórn sem fer eftir þeim lögum sem henni sýnist og sjálfskipaða nefnd sem öllum málum er vísað í og ég er hér ekki að deila á neina nefndarmenn“.

**Jón Geirmundsson**, þakkar síðasta ræðumanni, eins og talað út úr hans hjarta. „Það treysta sér allir í þetta þegar þeim er lofað fjármagni frá sveitarfélaginu og þess háttar. Svo kemur ekki nema lítið af því fjármagni sem lofað var. Of lítið fjármagn sé á hverjum stað og því þarf að hafa einn LM stað. Svo tala menn um minni kostnað þegar mót eru haldin á sama stað, það er ekki rétt, það koma bara nýjar kröfur. Þó allt sé í sátt hjá UMFÍ þá hafi sum sveitarfélögin verið við að fara á hausinn við að taka að sér Landsmót UMFÍ en það erum við hestamenn sem sitjum eftir með skuldahalann vegna LM, ekki íþróttamennirnir. Við þurfum allaf að berjast í þessu sjálf. Við verðum að taka okkur öll saman og vera sem heild í að fjármagna þessi LM“ sagði Jón.

**Kristinn Hugason**, sagðist vera sammála því sem Lárus sagði nema að það ekki eigi að vísa tillögunni til nefndarinnar heldur eigi að fella hana. „Hugsun sín er að byggja upp þjóðarleikvang. Mikill kostnaður sé við uppbyggingu svæðanna. Mótsvæðin sem byggð eru upp þurfa að vera sem næst iðkendum þannig að þau nýtist. Ekki einhver melasvæði sem eru langt frá hinum almenna iðkanda. Aðstæður í hestamennsku eru gjörbreyttar, kröfurnar orðnar miklu meiri, bæði til hestanna og okkar líka. Það eru bara einhverjir rómantískir menn sem halda að þessi mót snúist enn um að setja hestana alla saman í eina girðingu og stóðhesta í ófullkomin hús og kúldrast svo í tjaldi. Í stað þess að stunda

sportið af einhverri alvöru eins og margir gera og þeir séu bara ekki í þessum ham. Ég vil sjá alvöru aðstöðu fyrir alvöru sport“ sagði Kristinn að lokum.

**Ómar Diðriksson**, sagði: „til þess að geta dreift þessu um landið þurfum við að fella niður LM ehf. og þá fá þau félög sem halda mótin bæði tap og gróða af LM. Með því fáum við líka aukna sjálfböðavinnu eins og sumir eru að tala um að vanti. Borgum LH einhverja ákveðna prósentu fyrir að halda utanum mótin og sjá til þess að félögin fari eftir settum reglum um LM stað. Hverfum aftur í gamla horfið og láta félögin og staðina takast á við að halda LM. Einnig þurfum við að lækka kröfurnar á svæðunum til þess að hægt sé að halda þetta um allt land. Verðum að taka þessa tillögu til afgreiðslu og verðum að samþykkja hana“.

**Haraldur Þórarinnsson**, hvað fjármálin varðar vildi hann nefna það að á síðustu tveimur landsmótum hafa orðið breytingar. „En af því að það var verið að tala um LM ehf. og ef við hefðum samið um einhverja ákveðna prósentu og ekki fjármagnað þetta með ríkinu þá væru Vindheimamelar í mjög erfiðum málum. Þeir sætu uppi með skuldahalann núna. Þeir eru ekki með neina skuld á bakinu af því að við fórum þessa leið. Þeir sömdu ekki um neinar prósentur heldur er það ríkið og hlutafélagið sem fjármagnar þetta. Við viljum ekki að félögin lendi í fjárhagslegu basli við að halda LM. Það er stefna LH að byggja upp sem flest svæði“. Hann taldi það vera mikla stefnubreytingu ef það ætti að fara að negla þetta niður á einhverja tvo til þrjá staði.

**Sveinbjörn Sveinbjörnsson**, þakkar málefnalega og skemmtilega umræðu. Þetta væri akkúrat umræðan sem LM nefndin vill heyra. Hvetur fólk til þess að taka afstöðu í þessu máli því það gefur skýr skilaboð til LM nefndarinnar. „Það eru fyrst og fremst áhorfendur og styrktaraðilar sem halda upp mótinu og þannig er mótið fjármagnað“. Hann vill brýna það fyrir fólki, að fólk verður að vilja koma á svæðin til að horfa.

**Erlingur Ólafur Sigurðsson**, sagði: „jæja, krakkar mínir, búinn að vera á LM síðan 1958. Eigum að hafa þá staði sem eru tilbúnir til að halda þetta með pomp og prakt. Það

var í fyrsta skipti í sumar sem ég flúði LM vegna skipulagsleysis. Mikið var um skemmtanalæti á svæðinu“. Hann vill fella tillöguna og LM verði á þeim stöðum sem félög treysti sér til þess að halda LM á.

**Guðmundur Viðarsson**, sagðist koma frá Sindra, einu af þessum félögum sem stenda að Rangárbökkum. „Svæðið, þar höfðum við ekkert um málið að segja, LM ehf. tók þetta að sér (þ.e.a.s. umgjörðina utan um LM á Hellu). Velta síðasta LM var um 140 milljónir og þar af voru 17 milljónir eftir. Af hverju er það? Þennan pening geta félögin verið að nota í sjálfan sig og sjálfböðavinnu ef þau fá það, ef það er ekki eitthvað batterí sem étur það upp, sem þarf 10 til 15 milljónir á dauðu árunum bara til að viðhalda sjálfum sér. Það eru ekki það miklir aurar í þessu að þetta beri þetta. Ég hefði vel viljað vera í forsvari fyrir Hellu og fengið 30-40 milljónir inn. Hvar er gagnrýna umræðan á LM ehf., hvað kostar það að halda LM?“ sagði Guðmundur.

**Haraldur Jónasson**, er í varastjórn UMFÍ. Hann sagði að sveitarfélögin hafa bæði útgjöld og hagnað / tap sem hlýst af að halda mótin. Meira er um sjálfböðavinnu og það verður meira eftir. Lýsir hann ferli síðustu ára þar sem félögin hafa ekki treyst sér í að halda UMFÍ-mót og mótin hafa verið flutt með sex mánaða fyrirvara. „Er þetta það sem við viljum sjá?“ Félögin hafa of lítið út úr þessum hestamannamótum og félögin sitji eftir með tapið og hinir fara burtu með gróðann. Ekki eigi að fara í meiri uppbyggingu heldur velja þá staði sem geta nú þegar tekið á móti LH.

**Ólöf Samúelsdóttir**, formaður Dreyra segist vera rómantísk og vill vera í sveit í tjaldi á LH og vitnar í skýrslu Hjörnýjar en þar kemur fram að 86% landsmanna kjósa það að dvelja í tjaldbúðum á LM.

**Jónas Vigfússon**, fannst fólk tala of mikið eins og það séu bara tveir staðir sem séu tilbúnir til þess að taka á móti LM, Vindheimamelar og Hella. Það sé ekki rétt, það eru fjórir, það séu líka Melgerðismelar og Reykjavík. Staðirnir séu fjórir.

**Hjörný Snorradóttir**, talar um skýrsluna sína. Hún vildi áréttta það að þegar maður les svona skýrslu verður maður að lesa hana í samhengi og skoða vel. Niðurstöður þurfi að meta út frá öllum forsendum. Þeir sem koma snemma vilja ekki vera í tjaldi og þeir sem koma seint og dvelja stutt vilja vera í tjaldi. Muna að skoða allt mjög vel og ekki skoða bara eina og eina niðurstöðu. Leggur til að hafa málþing þegar LM-nefnd lýkur störfum.

**Oddur Hafsteinsson**, sagði að alltaf væri verið að tala um þennan ramma sem á að fara eftir. Vill að fólk velti fyrir sér hvað þýðir Norðurland og hvað þýðir Suðurland. Klára að skilgreina hlutina þannig að hægt sé að taka skynsamar ákvarðanir.

**Ómar Friðriksson**, sagði að það verði gert strík yfir landið, annað er að norðan og hitt er að sunnan. Svo þarf að taka afstöðu hvað komi svo. Hestamiðstöð Suðurlands, það eru sjö hestamannafélög á Suðurlandi sem standa að henni. Einu hestamannafélögin sem þurfa að borga fyrir aðstöðu þar, sem er mjög slæmt. Það komi aðeins tveir staðir til greina til að halda LM 2014 samkvæmt lögum LH og samkvæmt hans bókum verði það á Melgerðismelum.

Þá er gengið til afgreiðslu, teljarar beðnir um að telja rauð og bleik spjöld.

Talning já: 103

Talning nei: 64

**Meirihluti þingfulltrúa samþykkir að tillögunni sé vísað til LM nefndar.**

#### **Þingskjal nr. 27**

**Leggur til breytingartillögu:**

**Breytingartillaga verður þingskjal nr. 27a:**

Samþykkt að vísa tillögunni til Landsmótsnefndar.

**Tillaga:**

Lögð er fram tillaga til 57. Landsþings LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 til breytingar á kafla 7.8 í reglum LH um gæðingakeppni á landsmótum.

Lagt er til að öll forkeppni á landsmóti fari fram á tveimur völlum samtímis.

**Greinargerð:**

Það hefur víða komið fram í máli manna um langt árabíl að dagskrá landsmóta er of löng. Fjöldi keppnishrossa er mikill. Teljum rétt að koma fram með tillögu sem þessa í því ljósi að auka þannig svigrúm í dagskrá landsmóta og stytta mótshaldið.

**Engin umræða. Tillaga um að vísa tillögunni til LM nefndar samþykkt.**

**Þingskjal nr. 29**

Það er von Marteins formanns nefndarinnar að þetta verði fyrsta fréttin frá þinginu, forsíðufrétt og yfirskrift þingsins. Að við erum og munum sameinast enn og frekar en verið hefur í þessu starfi.

**Engin umræða. Tillagan samþykkt.**

**Þingskjal nr. 32**

Leggur til breytingartillögu:

**Breytingartillaga verður þingskjal nr. 32a:**

Samþykkt með breytingum

Tillaga:

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 leggur til að það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót sjái um skráningu og innheimtu skráningagjalda fyrir keppendur af öllu landinu. Hvort sem það er Íslandsmót yngri flokka eða fullorðinna. Landsþing beinir þeim tilmælum til stjórnar LH að vinnu við samræmda vefskráningu á hestamót verði hraðað eins og hægt er.

**Engin umræða. Tillagan samþykkt.**

**Þingskjal nr. 33**

Leggur til breytingartillögu:

**Breytingartillaga verður þingskjal nr. 33a:**

Samþykkt með breytingum

Tillaga:

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir tilmæli til aðildarfélaga LH þess efnis að ekki verði haldin opin íþrótta- og/eða gæðingamót af aðildarfélögum LH á sama tíma og haldin eru Íslandsmót og Landsmót. Gefnar verði út

dagsetningar þessara móta ekki seinna en um áramót á netinu og aðildarfélögum tilkynnt það.

Greinargerð:

Það er ekki gott fyrir fólk sem vill gefa kost á sér t.d í landslið að tapa af öðrum stórum viðburðum eða að unglingar og ungmenni þurfi að velja milli móta og ekki síður eigum við að standa saman um að gera þessa viðburði sem mesta.

**UMRÆÐA:**

**Andrea Margrét**, sagði að æskulýðsnefndin legði til að þingskjalinu verði vísað frá og þessi breytingatillaga komi í staðinn (breytingartillaga lögð fram).

**Marino**, sem var í allsherjarnefnd, vill ekki stilla upp stórmótum á sama degi og önnur mót eru sett á.

Þingforseti ber fram tillögu Æskulýðsnefndar um að vísa tillögunni frá.

**Tillaga æskulýðsnefndar var felld.**

**Tillaga allsherjarnefndar var samþykkt.**

**Þingskjal nr. 34**

Leggur til breytingartillögu:

**Breytingartillaga verður þingskjal nr. 34a:**

Samþykkt í nefndinni með áorðnum breytingum.

Tillaga:

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir að fela stjórn LH að vinna ávallt að því að Íslendingur sé í stjórn FEIF þar sem Ísland er upprunaland íslenska hestsins.

Greinargerð:

Allt stjórnkerfi FEIF er í endurskoðun og þess vegna er lag til að koma þessari reglu á, aðild okkar Íslendinga er tvöföld þ.e. LH annars vegar og Bændasamtökin hins vegar og er nauðsynlegt að þau komi sér saman um þann fulltrúa sem þau vilja sjá í stjórn og beri allan kostnað af ferðum vegna funda. Mjög mikilvægt er fyrir okkur að vera vel tengd inn í stjórnkerfi FEIF og er þetta mjög eðlileg krafa m.t.t. að Ísland er upprunaland hestsins og margar ákvarðanir um framgang keppni og ræktunar eru teknar á vegum FEIF.

**Engin umræða. Tillagan samþykkt.**

### **Nú var gert kaffihlé.**

**Haraldur Þórarinnsson** hefur beðið um orðið utan dagskrár til að veita Jóni Ólafi

Sígfússyni gullmerki LH. Sjá bls. 11.

Jón Ólafur steig í pontu og þakkaði fyrir sig.

### **FERÐA- OG SAMGÖNGUNEFND.**

Með nefndinni störfuðu 18 fulltrúar. Formaður nefndarinnar er Vilhjálmur Ólafsson.

Fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 2 (sem var sett saman við þingskjal nr. 37), nr. 18, nr. 35, nr. 36, nr. 37 og nr. 38.

#### **Þingskjal nr. 2.**

Var sett saman við þingskjal nr. 37, sjá þingskjal nr. 37a.

#### **Þingskjal nr. 18**

Nefndin leggur til breytingartillögu:

Breytingartillaga verður þingskjal nr 18a:

Tillaga:

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 beinir því til viðkomandi stjórnvalda að herða eftirlit með umferð vélknúinna ökutækja á skilgreindum reiðleiðum.

Greinargerð:

Staðan nú er með öllu óviðunandi, þar sem umræddum ökutækjum er í raun beint inn á reiðvegi þar sem þeim er óheimill akstur á akvegum.

Erfitt er að draga til ábyrgðar ökumann ef viðkomandi veldur slysi þar sem ökutækið er í mörgum tilfellum óskráð og þar af leiðandi ótryggt. Stemma þarf stigu við ónáði, slysaþættu og skemmdum sem ökutæki valda á reiðstígum.

**UMRÆÐA:**

**Guðmundur Guðlaugsson**, sagði að upprunaleg hugmyndin á bak við þessa tillögu væri að á reiðvegum þeirra í Fákí eru oft á tíðum vélhjól sem ekki eru með númer. Upprunalega hugmyndin var að öll vélhjól væru með númer. Hann langar að segja frá því að núna eru þeir Fákismenn búnir að búa til bækling með jákvæðum leiðbeiningum til

vélhjólamanna og verða þessir bæklingar sendir á öll hestamannafélög. Hann biður hestamenna að taka vel á móti þessum fræðslubækling og dreifa honum. Hann er búinn að tala við Umferðarráð og vonast hann til þess að þetta fá einhverja umfjöllun þar. Auk þess verður þessi bæklingur settur inn á síður vélhjólamanna og dreift hjá þeim.

**Halldór Halldórsson**, formaður samgöngunefndar LH sagði að ástæðan fyrir breytingunni á þessari tillögu er sú að það stóð að öll vélknúin ökutæki eigi að vera skráð og tryggð. En samkvæmt umferðalögum þá eiga þessi tæki að vera skráð, nema þau sem eru notuð inn á ákveðnum svæðum. Hann segir að þetta sport sé jú íþrótt og hann vilji ekki taka þessa íþrótt af börnum þar sem þau eru að keppa á ákveðnum svæðum. Samt sem áður er þetta mikið áhyggjuefni hversu hratt þeim hefur fjölgað, sem stunda þessa íþrótt og hversu mikið þeir eru farnir að koma inn á reiðvegina okkar. Hvetur fólk til að samþykkja breytingartillöguna.

**Andrea Margrét**, talaði um að Akureyringar séu í sömu aðstöðu og Fákur. Vill að við beitum okkur fyrir því að númeraplöturnar séu sýnilegar og að það séu einhver viðurlög við því ef það er ekki.

**Bjarnleifur Bjarnleifsson**, sagði þetta gott framlag hjá Fákí að búa til þennan bækling. Vill koma þessari fræðslu inn í ökuskólana, hvort sem krakkarnir eru að læra á bíl eða vélhjól. Þá eru þessi samskipti skýr og allir vita hvernig á að bera sig að. Segist gera sér grein fyrir því að þetta tekur tíma, en vill meina að við munum fá mun betri samskipti við þessa ungu ökumenn.

**Tillagan samþykkt.**

### **Þingskjal nr. 35**

**Leggur til breytingartillögu:**

Breytingartillaga verður þingskjal nr. 35a:

**Ályktun:**

57. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir að beina því til Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar

að tryggja að samræmis gæti í skráningu reiðleiða í svæðis- og aðalskipulagi sveitarfélaga.

Greinargerð:

Við skráningu reiðleiða í Kortasjá hefur borið nokkuð á því að reiðleiðir úr einu sveitarfélagi séu skilgreindar sem göngustígar í því næsta.

#### **UMRÆÐA:**

**Halldór Halldórsson**, benti á að það væri verið að vinna í Kortasjánni með áherslu á að reiðvegur sem er í einu sveitarfélagi sé ekki er orðinn göngustígur í því næsta. Vill að sveitarfélögin taki sig á í þessum málum.

**Marino**, sagði að þessi tillaga væri mjög góð. Hann óttast að þessi tillaga fara í bréfformi til þessara ágætu samtaka og svo í möppu. Kemur með dæmi frá Ísafirði sem vitnar beint í þetta. Reiðvegur sem fór yfir snjóflóðagarð.

**Tillagan samþykkt.**

#### **Þingskjal nr. 36**

Leggur til breytingartillögu:

Breytingartillaga verður þingskjal nr. 36a:

Ályktun:

57. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Akureyri 22. og 23 október 2010 samþykkir að beina því til Umhverfisstofnun, útgefenda landakorta og stafrænna kortagrunna að tryggja að kortaútgáfan sé með þeim hætti að skilgreindar reiðleiðir séu ekki sýndar sem akstursslóðar á landakortum.

Greinargerð:

Það er óásættanlegt með öllu að í nýjum útgáfum landakorta, s.s. nýrri útgáfu Máls og Menningar 1:100.000 og á GPS kortum sé talsvert um að skilgreindar reiðleiðir eru sýndar sem akstursslóðar.

Að sögn þá helgast þetta líklega af því að mótorhjól eða önnur vélknúin ökutæki eru að keyra þessar reiðleiðir sem þeir GPS mæla og senda á kortaútgáfurnar, sem kanna málið ekki frekar.

## **Tillagan samþykkt.**

### **Þingskjal nr. 37**

Leggur til breytingartillögu þar sem þingskjal 2 er sett samanvið nr. 37:

Breytingartillaga verður þingskjal nr. 37a:

#### Tillaga:

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 mótmælir því harðlega að umferð hesta innan þjóðgarða og verndarsvæða sé skert og skorar á Umhverfisstofnun að hefta ekki eða loka á hestaferðamennsku á gömlum reið- og þjóðleiðum. Hvort heldur sé um að ræða þjóðgarða eða önnur verndarsvæði. Besta leiðin til að viðhalda gömlum þjóðleiðum er hæfileg notkun þeirra.

#### Greinargerð:

Það er með öllu ólíðandi að láta hestaferðamennsku líða fyrir yfiring og landsþjöll sem aðrir útivistahópar hafa í frammi.

Landssamband hestamannafélaga bendir á að hestamenn eru unnendur íslenskrar náttúru og til í að víkja með sína umferð misþjóði hún náttúrulegri flóru landsins með þeirri umferð sem ástundunin í dag hefur í för með sér. Hestamenn hafa t.d. vikið frá Búrfellsgjá, Arnarfellsmúla og Þjófadölum með sína umferð, svo dæmi séu nefnd. En hestamenn gera þó kröfur um aðgang að útivistarsvæðum.

Landssamband hestamannafélaga vekur athygli á að hestamenn hafi ávallt lagt áherslu á góða umgengni við náttúru landsins. Reynslan sýnir að hestar og hestamenn hafa í áranna rás búið í góðri sambúð við náttúruna. Hestamenn vara hins vegar við viðhorfum sem vilja takmarka aðgang hestamanna að mikilvægum ferðamannastöðum og helstu náttúruperlum. Verði slík viðhorf ráðandi mun það leiða til takmarkaðra möguleika almennings til þess að njóta íslenskrar náttúru. Um leið mun það setja því fólki og þeim fyrirtækjum sem stunda skipulagðar hestaferðir um landið, jafnt fyrir útlendinga sem íslendinga, miklar takmarkanir á sinni starfssemi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir ferðaþjónustuna í landinu. Það er engum betur ljóst en þessum aðilum hversu mikilvægt það er að umgangast náttúruna af nærgætni og virðingu.

#### **UMRÆÐA:**

**Kristinn Hugason**, vill að við stöndum vörð um um fornar reið- og þjóðleiðir og finnst því þessi tillaga alltof vægt orðuð. (Búið var að breyta tillögunni). Kristinn baðst afsökunar en sagði samt að hann hefði viljað hafa þetta enn ákveðnara og bendir svo á að það sé alveg nóg að hafa lítinn upphafsstaf í umhverfisráðherra.

**Halldór Halldórsson**, talaði um gamlar reiðleiðir og póstleiðir sem hafa verið lagðar af sem þyrfti að vekja upp að nýju. Hvatti fólk til þess að samþykkja tillöguna. Nefndi dæmi s.s. N-Þing., Kópasker til Raufarhafnar, Héðinsfjörð og fleira.

**Tillagan samþykkt.**

### **Þingskjal nr. 38**

#### **Leggur til breytingartillögu:**

Breytingartillaga verður þingskjal nr. 38a:

#### **Ályktun:**

57. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir að beina því til umhverfisráðherra, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar að tryggja að farið sé eftir Skipulagsreglugerð við gerð aðal- og deiliskipulagstillagna sveitarfélaga.

#### **Greinargerð:**

Mörg sveitarfélög hafa kynnt aðalskipulagstillögur sínar á síðustu misserum, mjög er mismunandi hvernig einstök sveitarfélög kynna reiðstíga og reiðleiðir á skipulagi sínu. Sum sveitarfélög gera þessum málaflokki góð skil, en önnur miður.

Í Skipulagsreglugerð Nr. 400/1998, Skipulagsstofnun, júlí 1998, segir ma:

Á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags skal gera grein fyrir þjóðvegum og almennum vegum. Einnig skal gera grein fyrir gömlum þjóðbrautum og göngu-, hjólreiða- eða reiðstígum, þegar til staðar eða fyrirhuguðum.

Við deiliskipulag svæða í þéttbýli skal gera grein fyrir fyrirkomulagi göngu-, hjólreiða- og reiðstíga.

Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal gera grein fyrir vegflokkum og fyrirkomulagi stíga.

#### **UMRÆÐA:**

**Halldór Halldórsson**, benti á mikið væri um það á þessu ári að verið er að leggja fram aðalskipulagstillögur. Hjá mörgum eru margar athugasemdir en hjá sumum væri þetta til mikillar fyrirmyndar, sérstaklega í Húnavatnshreppi og Strandarbyggð. Að annarsstaðar er þetta mjög miður, að sýna ekki reiðleiðir inn á aðalskipulagstillögu þótt þeim beri að gera það samkvæmt skipulagsreglugerðum. Þess vegna hafi þessa tillaga orðið til og hvetur hann þingmenn til þess að samþykkja hana.

**Jónas Vigfússon**, sagðist hafa fyrst og fremst tilhneigingu til þess að lesa bara tillögurnar ekki greinargerðina og finnst honum þessi tillaga ekki nægilega skýr. Tillagan segir eingöngu að það eigi að fylgja þessum reglum og vinna eftir þeim. Ef greinargerðina vantar finnst honum tillagan ekki segja neitt nema, gerið það sem þið eigið að gera. Finnst að ef það á að samþykkja þetta að það þurfi að setja inn í tillöguna það sem stendur í greinargerðinni.

**Tillagan samþykkt.**

### **FJÁRHAGSNEFND**

Gjaldkeri mætti á fund nefndarinnar og gaf nánari skýringar á ársreikningum og áætlunum árána 2010 til 2012.

Fjárhagsáætlun. Nefndin samþykkir framlagðar rekstraráætlanir fyrir rekstur LH árin 2011 og 2012.

Nefndarmenn beina þeim tilmælum til stjórnar LH að framstillingu ársreiknings verði breytt á þann hátt að fjárhagsáætlunum, samþykktum af þingi LH, sé stillt upp í ársreikningi til samanburðar við rauntölur.

#### **Fjárhagsnefnd:**

Valgerður Sveinsdóttir, formaður

Hilmar Þór Bryde

Þorsteinn Ragnarsson

Ólafur Þórisson

Inga Ósk Jónsdóttir

Arnar Gíslason

**Þingi samþykkir framlagða fjárhagsáætlun og tillögu fjárhagsnefndarinnar.**

**Afgreiðslu nefnda frestað framyfir matarhlé og kosningar.**

## Matarhlé

### **KOSNING Í STJÓRN LH**

Formaður til tveggja ára - Haraldur Þórarinnsson, Sleipni – **Samþykkt.**

Varaformaður til tveggja ára - Gunnar Sturluson, Snæfellingi – **Samþykkt.**

Meðstjórnendur til tveggja ára:

Kosningin fór þannig:

Oddur Hafsteinsson Andvara, 141

Sigurður Ævarsson Sörla, 132

Þorvarður Helgason Fáki, 128

Sigrún Kristín Þórðardóttir Þyt, 125

Andrea M. Þorvaldsdóttir Létti, 102

Aðrir sem fengu atkvæði:

Hallgrímur Birkisson Geysi, 66

Sigurður Hólmur Kristjánsson Funa, 21

Bjarnleifur Bjarnleifsson Gusti, 50

Haraldur Þór Jóhannsson Svaða, 55

Björn Björnsson, Bergur Hallgrímsson, Súsanna Ólafsdóttir og Magnús Sigurðsson fengu eitt atkvæði hvert.

Fimm varamenn til veggja ára

Kosningin fór þannig:

## Þinggerð – 57. landsþing

Erla Guðný Gylfadóttir Andvara, 133

Marianna Gunnarsdóttir Fáki, 115

Haraldur Þór Jóhannsson Svaða, 101

Petra Kristinsdóttir Sindra, 87

Guðrún Stefánsdóttir Geysi, 86

Aðrir sem fengu atkvæði:

Bjarnleifur Bjarnleifsson Gusti, 82

Anna Sigurðardóttir Fáki, 75

Sigurður Hólmar Kristjánsson Funa, 24

Björn Bjarnason, 1

Auðir seðlar – 2

### Skoðunarnefnd til tveggja ára

Haraldur Guðfinnsson, Sörla

Ólöf Guðmundsdóttir, Herði

### Skoðunarmaður til vara til tveggja ára

Sigurður Ragnarsson, Faxe

## Kjöri fulltrúa á ÍSÍ-þing vísað til stjórnar LH.

Í hléi sem myndaðist vegna talningar stakk þingforseti Sigurður J. upp á að Hjörný Snorradóttir færi með sitt erindi á meðan talningu stæði.

### **ERINDI:**

Hjörný, skoðar LM sem raundæmi. Mikið hefur verið deilt um staðarval LM og ákvað hún því að skoða LM frá upphafi. Hún notaði bæði meigindlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir auk viðtala. Hún tók út hagsmunaaðila sem snúa að LM.

Les rannsóknarspurningar og útskýrir þær. Skoðar frá þremur forsendum mismunandi bakrunn. Mikilvægt sé að skoða forsendur og töflur í samhengi. Hægt er að nálgast

skýrsluna á <http://skemman.is/item/view/1946/6319>.

Þingforseti þakkar henni fyrir skilmerkilegt og fróðlegt erindi

#### NEFNDIR SKILA ÁLITI –FRAMHALD

##### **KEPPNISNEFND**

Í keppnisnefnd voru þátttakendur 32. Formaður nefndarinnar var Sigurður Ragnarsson.

Nefndin fjallaði um eftirfarandi tillögur:

##### **Þingskjal nr. 9 (kom frá allsherjarnefnd)**

###### **Ályktun:**

###### **Umsögn keppnisnefndar:**

Sækja skal um dómara fyrir 1. apríl fyrir þau mót sem sett hafa verið í mótaskrá LH. Þó teljast þau mót ekki ólögleg sem ákveðin eru með stuttum fyrirvara og skal þá sækja um dómara til ofangreinds félags.

**Engar umræður. Tillaga nefndarinnar samþykkt.**

##### **Þingskjal nr. 10**

Lagabreyting grein 4.1. fjallaði um breytingar á keppnisgreinum í unglingaflokk (14-17 ára á keppnisárinu) megi keppa í T2 og 100 m skeið.

###### **UMRÆÐUR:**

**Andrea M. Þorvaldsdóttir**, sagði að breytingartillaga hafi komið frá æskulýðsnefnd sem fjallaði um þetta þó það hafi ekki komið inn á þeirra borð og ítrekaði vonbrigði þeirra yfir því. Þau væru sammála þessari breytingu en vildu ræða um pollaflokk en samkvæmt tilmælum frá ÍSÍ hljóta pollar ekki sætisröðun, heldur hljóta allir sömu viðurkenningu óháð getu. Hún vildi að LH beitti sér fyrir því að fara eftir þessu og að félög getið ekki orðið fyrirmyndarfélög ef þau veita verðlaun í pollaflokk. Benti hún á að pollaflokkur er 10 ára og yngri, spurning um að hækka pollaflokk í 11-12 ára eða veita undanþágur fyrir þá sem koma ný inn í keppni og eru eldri en 10 ára.

**Þingforseti**, spurði hvort það væri rétt skilið að þetta væri breytingartillaga, ef svo ætti að vera yrði hún að vera betur sett fram.

**Sigurður Ævarsson**, taldi þetta ekki þingtæka tillögu. Þetta fjallaði um allt annað en breytingar á aldursflokki. Ef æskulýðsnefnd vill koma þessari tillögu á framfæri verður hún að fara eðlilega leið.

Unnið var að því á staðnum að gera þinghæfa tillögu.

*Breytingartillaga frá æskulýðsnefnd 10a:*

Pollar (9 ára á árinu eða yngri): Pollatölt og pollafjörgangur. Ekki skal keppt í pollaflokki á Íslandmóti. Ekki skal raða pollum í sæti heldur fá allir þátttökuverðlaun.

**Haraldur Þórarinnsson**, sagði eðlilegt að ef breyta á lögum að vísa þá tillögunni til keppnisnefndar og hún komi með tillöguna til næsta þings en ekki afgreiða hana á þessu þingi svona.

**Þingið samþykkti að vísa breytingartillögunni til keppnisnefndar.**

**Atkvæðagreiðsla um þingskjal nr. 10 eins og það kom frá keppnisnefnd fór þá fram og var tillaga keppnisnefndar samþykkt.**

#### **Þingskjal nr. 11**

Nefndin lagði til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi orðalagsbreytingu: Íslensk sérregla: Séu knapar jafnir í einhverju öðru sæti en því fyrsta og það sæti skiptir máli í annarri keppni svo sem Íslandsmeistara eða innanfélagstitlar, skal nota sömu aðferð, þ.e. dómarmar sýni sætaröðun byggða á einkunnum gefnum í úrslitum þar sem einungis má nota fyrsta sætið einu sinni..

**Engar umræður. Tillaga nefndar samþykkt.**

#### **Þingskjal nr. 13**

Nefndin felldi þessa tillögu sem fjallaði um að bæta við í reglugerð að ef keppandi ákveður að hætta keppni að hann gefi dómara merki og stígi af baki.

**UMRÆÐUR:**

**Andrea Margrét**, sagði að æskulýðsnefnd hefði tekið þetta mál einnig til umfjöllunar og ekki fundist ástæða að setja um þetta reglugerð, heldur brýna fyrir mótshöldurum og þulum að fylgjast vel með til að sporna við þeim hættulegu aðstæðum sem geta skapast.

**Tillagan felld.**

**Þingskjal nr. 14**

Nefndin felldi tillöguna sem fjallaði um styrkleikaskiptingu þess efnis að ungmennum yrði heimilt að keppa í meistaraflokki, Íslandsmóti fullorðinna sem og barna, unglinga og ungmenna, hafi parið náð lágmarkseinkunn.

**Engar umræður. Tillaga nefndarinnar um að fella þessa tillögu var samþykkt.**

**Þingskjal nr. 16**

Nefndin felldi tillöguna sem fjallaði um breytingu á grein 8.7.4.2 og grein 8.7.4.3 um fimmgang, að fella út eftirfarandi setningu: „*sé 300 m völlur til staðar er heimilt að opna langhliðar hans til sýningar á skeiði*”.

**Engar umræður. Tillaga nefndarinnar um að fella þessa tillögu var samþykkt.**

**Þingskjal nr. 17**

Fjallaði um að bæta við c-úrslitum. Nefndin samþykkti með breytingu, „að heimilt væri en ekki skylt að bjóða upp á c-úrslit, rökin að oft er mikill fjöldi sérstaklega í yngri flokkum og gæti verið gott að gefa fleirum færi á að æfa sig að ríða úrslit.”

**UMRÆÐUR:**

**Sigurður Ævarsson**, sagðist vera alfarið á móti þessari glórulausu tillögu, að bæta við C úrslitum við mótahald eins og það er í dag.

**Andrea Margrét**, sagðist sammála Sigurði og tók sem dæmi að ef eitthvað færi úrskaiðis í forkeppni og viðkomandi lendir í C úrslitum, vinnur þau, vinnur svo b-úrslit og er þar með komin í a-úrslit, hvað væri þá hesturinn búinn að hlaupa marga hringi? Svo er kostnaður alveg nógu mikill þó að verðlaunagripum fjölgi ekki.

**Sigurður Ragnarsson**, formaður keppnisnefndar, benti á að þetta væri ekki hugsað fyrir þá sem gera mistök í forkeppni, vildi að þessu væri gefið tækifæri, gæti verið gott fyrir æskulýðinn til að fá reynslu í reið í úrslitum.

**Súsanna Ólafsdóttir**, sagðist sammála formanni nefndarinnar sérstaklega á stærstu mótunum mætti hafa c-úrslit framarlega í dagskrá móta sem eru fleiri en 2 dagar, nefndi síðasta Íslandsmót að þar hefði þetta átt rétt á sér.

**Tillagan samþykkt.**

**Þingskjal nr. 24**

Varð að breytingartillögu 24a

Fjallaði um breytingartillögu á reglum um dómara á FIPO keppnum, nefndin lagði til að hún yrði samþykkt með breytingum sem kynntar voru.

**Engar umræður. Tillaga nefndar samþykkt.**

**Þingskjal nr. 25**

Um breytingar á kafla 7.8.1 í reglum um sérstaka forkeppni í gæðingakeppni á lands- og fjórðungsmótum.

*Nefndin leggur til að þessu sé hafnað.*

**Engar umræður. Tillaga nefndar um að fella tillöguna var samþykkt.**

**Þingskjal nr. 26**

Tillaga um breytingar á kafla í lögum varðandi sérstaka forkeppnin á landsmótum.

*Nefndin lagði til að þetta yrði fellt.*

**Engar umræður. Tillaga nefndar um að fella tillöguna var samþykkt.**

**Þingskjal nr. 28**

Tilmæli til keppnisnefndar LH að endurskoða núverandi flokkaskiptingarkerfi og stefna á nýtt kerfi líkt og í öðrum FEIF löndum.

*Nefndin samþykkti þessa tillögu.*

**Engar umræður. Tillaga nefndar samþykkt.**

**Þingskjal nr. 31**

Tillaga um að bætt verði inn í keppnisreglur hvenær frestur til að afskrá úr forkeppni sé útrunninn.

*Nefndin lagði til að þetta yrði fellt.*

**Engar umræður. Tillaga nefndarinnar um að fella þessa tillögu var samþykkt.**

Formaður nefndarinnar þakkaði gott samstarf og umræður. Vildi í lokin tala um gæðingakeppni, taldi varla vera haldið löglegt gæðingamót, sleppt feti og stökki og jafnvel 3 inn á í einu. Ef menn auglýsa gæðingakeppni verði að fara eftir okkar lögum og reglum. Standa ætti vörð um okkar gildi ekki bera fram nýjar útgáfur af keppnum, fella ætti grein út frekar en að afbaka núverandi form. Athugasemdir úr sal um að það hefði verið að fella þessa tillögu og vitnað í þingskjal 26. Sigurður taldi að menn væru að miskilja hans mál en þakkaði annars fyrir gott þing.

**KYNBÓTANEFND**

Formaður: Kristinn Hugason.

Ritari: Guðlaugur V. Antonsson.

Þátttakendur voru alls 21.

Í nefndinni voru góðar og málefnalegar umræður og allar tillögur afgreiddar samhljóða eftir því sem fram kemur í þingskjölum.

**Þingskjal nr. 5**

Varð að breytingartillögu 5a

Fjallaði um einkunaþröskulda í hæfileikadómum kynbótahrossa. Nefndin samþykkti tillöguna með breytingum.

**UMRÆÐUR:**

**Kristinn Guðnason**, fagnaði mikilli umræðu og fannst þetta jákvæðar breytingar. Viljum ekki útiloka klárhestana, það sé mikið gagn af þeim og þeir bæti ræktunina. Í þessu kerfi var tvennt í sem auðveldaði þeim að fá háar einkunnir, hægt stökk og tölt. Vildi ekki hafa af þeim þetta forskot, ekki væri verið að tala á móti alhliða hesti. Ekki rugla saman dómum og þröskuldum.

**Kristinn Hugason**, taldi þetta farsæla breytingar og ætti hún ekki að koma niður á klárhestunum.

**Engar aðrar umræður. Tillaga nefndar samþykkt.**

**Þingskjal nr. 6**

Fjallaði um endurskoðun framkvæmda á sýningum í kynbótadómum. Nefndin felldi þessa tillögu vildi ekki taka þessa breytingu inn nema að ítarlegri rannsókn, ekki tímabært að svo stöddu.

**Engar umræður. Tillaga nefndar um að fella þessa tillögu samþykkt.**

**Þingskjal nr. 19**

Nefndin felldi þessa tillögu sem fjallaði um endurskoðun nýorðinna breytinga á hæfileikadómum kynbótahrossa

**Engar umræður. Tillaga nefndarinnar um að fella þessa tillögu var samþykkt.**

**Þingskjal nr. 20**

Varð að breytingartillögu 20a

*Nefndin lagði til að þetta yrði samþykkt og fjallaði um að brýna fyrir stóðhestahöldurum að skila inn upplýsingum um sónarskoðun hryssa til viðkomandi búnaðarsambanda.*

**Engar umræður. Tillaga nefndar samþykkt.**

## Stutt hlé

**ÆSKULÝÐSNEFND**

Formaður: Andrea M. Þorvaldsdóttir

Fundarritari: Helga B. Helgadóttir

Í Æskulýðsnefnd störfuðu 18 manns

Fyrir nefndinni lágu tvær tillögur til ályktunar.

**Þingskjal nr. 30**

Fjallaði um aðskilnað á Íslandsmóti fullorðinna og yngri flokka. Nefndin samþykkti að fjalla ekki um þetta og vísaði í þingskjal nr. 15 hjá allsherjarnefnd en efnislega fjalla þær um það sama og aðrar tillögur fékk nefndin ekki til umfjöllunar.

**Engar umræður. Tillaga nefndar samþykkt.**

Andrea notaði tækifærið og þakkaði stuðning í kosningunni. Benti á að nefndin hafi þegar komið sínum skoðunum á framfæri í umræðu um önnur mál og skjöl frá öðrum nefndum.

## NEFNDARSTÖRFUM LOKIÐ

### ÁKVÖRÐUN UM VAL Á ÍSLANDSMÓTSSTAÐ

Fyrir 2011 og 2012, lýst var eftir áhugasömum félögum.

Íslandsmót fullorðinna 2011: Sleipnir

Íslandsmót yngri flokkar 2011: Máni

Íslandsmót fullorðinna 2012: Stígandi, Svaði og Léttfeti saman með aðstöðu á Vindheimamelum. Hörður.

Báðir aðilar tilbúnir að víkja til 2013.

Íslandsmót yngri flokka: Hringur á Dalvík og Geysir

Skrifleg kosning fór fram um þetta.

**Bjarnleifur Bjarnleifsson**, vildi að stjórnin afgreiddi staðarval fyrir Íslandsmót.

**Sigfús Helgason**, Sagði að sér fyndist þetta eitt af verkefnum þingsins að finna Íslandsmóti stað, þessi niðurstaða sé bæði góð og slæm en vildi sjá að menn yrðu framúrstefnulegir og vitnaði í umræðu um LM með að líta til framtíðar. Þeir sem sækja um núna komi sér saman um næstu mót svo ekki þurfi að kjósa. Hann vill að félögin sem sækja um sameinist um ákvörðun komandi mótsstaða.

**Kristinn Hugason**, með 24 ára samfellda þingreynslu, fullyrti að andi þings hafi sjaldan verið betri en akkúrat núna og menn gangi óttalausir í að mynda sér skoðun og vill ekki vísa þessu til stjórnar og að þingið eigi að afgreiða þetta. Hann vildi ekki sjá pukur bak við tjöldin og makk og vesen eins og var í denn, þar sem fyrst og fremst hræðsla orsakaði það.

**Guðjón formaður Harðar**, vildi gjarnan taka þetta mót, skiptir þó ekki máli hvort árið það yrði. Dró umsóknina þar með til baka og var því viðhorfi fagnað af þinginu.

**Jónína formaður Stíganda**, tók undir orð Guðjóns. Það skipti ekki máli hvort árið væri og tæki því sem þeim væri úthlutað.

Ómar formaður Geysis heldur sig við umsókn 2012.

TILLAGA KOM FRAM UM AÐ VÍSA STAÐARVALI TIL STJÓRNAR.

Tillagan var felld og gengið til kosninga um staðarval.

#### ÖNNUR MÁL

**Guðmundur Viðar**, fulltrúi hestamannafélagsins Sindra, kom í ræðustól í forföllum formanns síns Petru, sem hafði nú yfirgefið þingið, og tilkynnti að Sindri hefði áhuga á að halda næsta landsþing í Vík í Mýrdal.

**Valgerður Sveinsdóttir**, formaður Fáks sagði að Fákur vildi einnig bjóða fram aðstöðu fyrir næsta landsþing.

**Haraldur Þórarinnsson**, las upp eftirfarandi ályktun:

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22.-23. október 2010 mótmælir harðlega orðum Þórs Saari þingmanns, þar sem fram koma fordómar og vanþekking í garð hestamennskunnar á Íslandi. Íslenski hesturinn er að skila milljarða gjaldeyrstekjum í íslenskt þjóðfélag sem ekki veitir af í dag. Telur þingið að slíkur málflutningur sæmi ekki fulltrúa á löggjafarþingi þjóðarinnar.

**Erling Ólafur Sigurðsson**, Þakkaði fráfaramandi stjórn frábær störf og óskar komandi stjórn velfarnaðar. Sagði að eitt pirraði sig mikið, það séu reiðskólamál. Hefði aldrei skilið þetta með alla reiðskólana, það virðist ekki þurfa mikla kunnáttu, kennarar séu stundum unglingar í unglingavinnu sveitarfélaganna en þarna er grasrótin að byrja, þarna vantar fagaðila, útskrifaða reiðkennara. Væri sjálfur reiðkennari og ekki sáttur við það sem hann hefur séð víða, öryggismál séu ekki í lagi. Hefði ekki trú á að leiðbeinendur kunni hjálp í viðlögum. Ættum að skoða þetta gaumgæfilega og fannst honum ekki faglegt að sjá börn og unglinga hoppa um á hóstandi hestum. „Þurfum faglegri kennslu fyrir grasrótina“.

**Sigurður Ævarsson**, sagði að Sörli yrði 70 ára 2014 og vildu þeir gjarnan halda þingið það ár.

**Kristinn Guðnason**, lýsti ánægju sinni með orð Haraldar og stakk uppá breyttu orðalagi. Vildi frekar tala um verulegar gjaldeyriskjukur heldur en milljarða.

**Kristinn Hugason**, tók undir ályktun frá Haraldi, en telur að hún falli ekki nægilega vel að okkar ímynd, vildi benda betur á eðli hestamennskunnar og vildi bæta inn setningu þar sem komi fram að þetta sé íþrótt. Ekki sé tromp að tala um peninga, þannig væri verið að ráðast á almenna keppnisíþrótt. „Þetta er jú elsta og þjóðlegasta íþróttin og skapar að auki atvinnu og tekjur“.

Nú vart gert hlé um umræðum og kynntar tölur úr kosningu um Íslandsmótin, og fór kosningin svona:

Íslandsmót fullorðinna 2011: **Sleipnir**

Íslandsmót yngri flokka 2011: **Máni**

Íslandsmót fullorðinna 2012: **Stígandi, Svaði og Léttfeti sameiginlega á**

**Vindheimamelum.**

Úrslit kosninga: Vindheimamelar 91 atkv. Hörður 46 atkv.

Íslandsmót yngri flokka 2012: **Geysir**

Úrslit kosninga: Geysir 102 atkv. Hringur 35.

Umræður hófust á ný:

**Marteinn Valdimarsson**, vildi benda á að maðurinn væri alþingismaður en ekki þingmaður í öðru þingi.

**Ómar Diðriksson**, þakkaði gott og málefnalegt þing, þakkaði stjórn fyrir sín störf, óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og ítrekaði að fara eftir lagabókstafnum og sagðist vera ljónheppin að fá mót 2012.

**Eftirfarandi ályktun á þinginu var samþykkt nánast samhljóða:**

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22.-23. október 2010 mótmælir harðlega orðum Þórs Saari alþingismanns þar sem fram komu fordómar og vanþekking í garð hestamennskunnar á Íslandi. Hestamennskan er ein elsta og þjóðlegasta íþróttin sem keppnis- og almenninguþrótt. Skapar fjölda fólks atvinnu og verulegar gjaldeyristekjur. Telur þingið að slíkur málflutningur sæmi ekki fulltrúa á löggjafarþingi þjóðarinnar.

**Sveinbjörn Sveinbjörnsson**, óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið, er ánægður með þingið og þótti gaman að sjá mikið af ungu og frambærilegu fólki, það væri mikilvægt að endurnýja reglulega mannskapinn. Lagði fram ályktun sem hann bað þingið um að samþykkja þess efnis að Rangárbakkar drægu til baka afturköllun sína um að bjóða Gaddstaðaflatir sem LM stað 2014. Sagðist hann hafa borið þetta undir marga hér og sagði flesta vera sammála sér, leggur til svo hljóðandi áskorun:

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22.-23. október skorar á stjórn Rangárbakka ehf. að draga til baka afturköllun á umsókn um að Landsmót hestamanna verði haldið á Gaddstaðafötum 2014.

**Sigfús Helgason**, tók heilshugar undir orð Sveinbjarnar.

Tillagan var samþykkt með miklum meirihluta.

**Siqfús Helgason**, óskaði nýrri stjórn til hamingju með sína kosningu og þakkaði fyrir sig eftir 12 ára starf í stjórn LH. Er þakklátur þessu skemmtilega starfi og þar sem hann væri ekki lengur í stjórn LH ætlaði hann að nota tækifærið og tala um Skógarhóla, því hann hefði lofað að tala ekki um þá meðan hann sæti í stjórn LH og bað nýja stjórn að huga vel að hagsmunum staðarins. Þakkaði fyrir sig og óskaði Landssambandi hestamanna alls hins besta í komandi framtíð.

#### ÞINGSLIT

**Þingforseti, Jón Ólafur**, þakkaði góða fundarsetu og skemmtilegar og málefnalegar umræður og vonaði að þinggestir hefðu góðar minningar frá þessum stað.

**Haraldur Þórarinnsson** sleit þinginu og þakkaði fyrir sitt endurkjör og þakkaði fráfarandi stjórn gott starf og bauð nýja stjórn velkomna. Þakkaði starfsmönnum þingsins þeirra störf, taldi þetta hafa verið gott og skemmtilegt þing og lagði áherslu á mikilvægi þess að stíga þétt saman og hét því að leggja sig fram um það, þakkaði félögum fyrir umsóknir um að halda næsta þings. Óskaði síðan mönnum góðrar heimferðar og vonaðist til að sjá sem flesta á þinglokafagnaði um kvöldið.

#### ÞINGI SLITIÐ ✚